

55. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands



Þinggerð

*Haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
24. og 25. mars 2006*

Þinggerð Frjálsíþróttabings

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, Reykjavík,
föstudaginn 24. og laugardaginn 25. mars 2004

Dagskrá

Föstudagur 24. mars

- 17:30 Setning
- 17:35 Kosning þingforseta og ritara
Kosning nefnda þingsins:
1. Kjörbréfanefndar
2. Fjárhagsnefndar
3. Laganefndar
4. Allsherjarnefndar
- 17:45 Skýrsla stjórnar
- 18:15 Ávörp gesta
- 18:30 Kvöldverður í boði Reykjavíkurborgar - Afhending heiðursviðurkenninga
- 19:15 Skýrsla stjórnar, framhald. Reikningar fyrir árin 2004 og 2005 lagðir fram
Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- 20:00 Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára
- 20:15 Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum
- 20:30 Aðrar tillögur
- 21:00 Nefndarstörf

Laugardagur 25. mars

- 08:30 Framhald nefndarstarfa
- 10:30 Kynning á Merkisberaverkefni FRÍ
- 10:45 Afgreiðsla mála
- 11:30 Umræður
- 12:00 Hádegisverðarhlé
- 13:00 Afgreiðsla mála (frh.)
- 14:00 Kosningar
Kosning formanns og annarra stjórnarmanna
Kosning 2 skoðunarmanna reikninga
Kosning 4 fulltrúa á Íþróttabing ÍSÍ
- 14:30 Önnur mál.
- 15:00 Þingslit.

Listi yfir tillögur/þingskjöl

Flm. stjórn FRÍ, nema að annað sé tekið fram.

1. Dagskrá.
2. Tillaga að Rekstraráætlun fyrir 2006 og 2007.
3. Tillaga að samþykkt um kostnaðarhlutdeild sambandsaðila í landsliðsverkefnum.
4. Mótaskrá – drög 2006, 2007 og 2008.
5. Frumvarp til breytinga á lögum FRÍ.
6. Tillaga að ályktun um heildarendurskoðun á lögum FRÍ.
7. Tillaga til breytinga á stöðu samþykktar um Íþróttamannanefnd FRÍ með viðbótum.
8. Tillaga til breytinga á sérkeppnisreglum FRÍ um lyfjapróf.
9. Tillaga að ályktun um 60 ára afmæli FRÍ.
10. Tillaga að ályktun um breytingar á skilgreiningu á hugtakinu iðkandi í íþróttum.
11. Tillaga að ályktun um samstarf sérsambanda.
12. Tillaga að ályktun um uppbyggingu á viðurkenndu þjálfunarsetri í Reykjavík.
13. Tillaga að ályktun um uppbyggingu á frjálsíþróttaaðstöðu.
14. Tillaga að ályktun um kjör til íþróttamanns og konu ársins.
15. Frumvarp til breytinga á reglugerð um garpsmerki.
16. Frumvarp til breytinga á reglugerð um Meistaramót Íslands.
17. Frumvarp til breytinga á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ. Flm.: Hlynur Guðmundsson.
18. Tillaga til þingsályktunar vegna útbreiðsluáttaks. Flm.: Hlynur Guðmundsson.
19. Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss. Flm.: Sigurbjörn Árni Arngrímsson, HSP.
20. Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss. Flm.: Sigurbjörn Árni Arngrímsson HSP.
21. Tillaga til breytinga á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ. Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR.
22. Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss. Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR.
23. Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramót Íslands, 15-22 ára. Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR.
24. Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramót Íslands, 12-14 ára, innanhúss. Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR.
25. Tillaga til breytinga á reglugerð um skráningargjöld. Flm.: Arnþór Sigurðsson o.fl.
26. Þingskjal um nýskipan stjórnar. Til kynningar.
27. Tillaga til breytinga á reglugerð um bikarkeppni FRÍ, innanhúss. Flm.: Sigurbjörn Árni Arngrímsson, HSP.
28. Skýrsla nefndar um endurskoðun mótahalds. Til kynningar.

Föstudagur 24. mars

Setning

Jónas Egilsson, form. FRÍ, ávarpaði þingfulltrúa og gesti, bauð alla velkomna og fagnaði þeim áfanga sem náðst hefur með innanhússaðstöðunni í hinum nýja hluta Laugardalshallarinnar. Hann benti á þær miklu framfarir með aðstöðu fyrir frjálsíþróttir á landinu sem hafa orðið á síðustu árum en að nú þyrfti að halda áfram með uppbyggingarstarfið innanhúss eins og Hafnfirðingar hafa nú þegar ákveðið að gera. Þá ræddi hann um mikilvægi þess að UMFÍ og FRÍ ynnu saman að stefnumótun til framtíðar, til að tryggja betur nýtingu þeirrar aðstöðu sem byggð hefur verið upp. Jónas benti hins vegar á að þrátt fyrir meira og betra starf íþróttafélaganna að þá væri rekstur FRÍ þungur en miklar vonir eru bundnar við merkisberaverkefnið til að styrkja starfið. Af alþjóðlegum samskiptum bar Mótapiing EAA hér s.l. haust hæst á starfsárinu. FRÍ hefur hlotið mikið lof fyrir framkvæmdina eins og var með Evrópubikarkeppnina árið 2005 sem haldin var hér á landi.

Eftir níu ára setu í formannsstöli kvað vera kominn tíma til að breyta til. Hann sagði starfið alltaf hafa verið skemmtilegt þrátt fyrir eril en það sem standi upp úr sé að rekstur sambandsins hafi tekið stakkaskiptum og íþróttafólk staðið sig vel á stórmótum. Þótt vel gangi á ýmsum sviðum sagði hann skorta

enn nokkuð á að frjálsíþróttahreyfingin hér á landi sé nægilega samheldin og benti hann á að hreyfingin sé í raun ein fjölskylda sem þurfi að vinna sem slík.

Jónas benti á að með nýju fólki í forystu FRÍ skapist ný tækifæri en að hann hafi hins vegar hug á að sitja áfram í stjórn Frjálsíþróttasambands Evrópu og sem formaður Frjálsíþróttasambands evrópskra smáþjóða. Sagði hann setu sína í stjórn Evrópusambandsins vera viðurkenningu á góðu starfi hér á landi.

Að lokum þakkaði Jónas samstarfsfólki sínu í gegnum árin fyrir samstarfið og vel unnin störf og setti þingið.

Kosning starfsmanna þingsins

Jónas stýrði kosningum starfsmanna þingsins. Lagði hann til að þingfersetar yrðu Sigurður Albert Ármannsson og Magnús Stefánsson og ritarar Hafsteinn Óskarsson og Egill Eiðsson. Voru þeir allir kosnir samhljóða.

Inga Þorsteinssonar minnst

Þá minntist Jónas fyrrverandi formanns FRÍ, Inga Þorsteinssonar, sem lést á árinu. Hann var formaður á árunum 1962 – 1965.

Sigurður tók þá við þingstjórn.

Kosning nefnda þingsins:

Tillögur uppstillinganefndar voru eftirfarandi:

Kjörbrefanefnd: Sonja Sif Jóhannsdóttir, Trausti Sveinbjörnsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir

Fjárhagsnefnd: Hannes Strange, Helga Jenssen, Hreinn Ólafsson.

Laganefnd: Sigurður Haraldsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Ásbjörn Karlsson.

Allsherjarnefnd: Davíð Harðarson (UMSS), Hlynur Guðmundsson, Fríða Rún Þórðardóttir.

Tillögurnar voru allar samþykktar samhljóða.

Kjörbrefanefnd tók þegar til starfa.

Skýrsla stjórnar

Jónas Egilsson, fráfarandi formaður, flutti skýrslu stjórnar.

Ávörp gesta

Stefán Konráðsson, frkvstj. Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, bar kveðju frá forseta sambandsins sem er erlendis. Sagði hann tekjupósta ÍSÍ mikilvæga fyrir fyrir FRÍ en að jafnframt væri von á meiri peningum frá menntamálaráðuneytinu. Hluti þess ætti að skila sér til FRÍ. Þá óskaði hann FRÍ og SSÍ góðs gengis með samvinnu í skrifstofuhaldi. Í því sambandi benti hann á að sameiginlegur rekstur íþróttasambandsins- og ólympíuefndar hefur vakið athygli erlendis.

Hann óskaði félögunum til hamingju með árangurinn að gera afreksfólk úr sínu fólki. Þing ÍSÍ sagði hann framundan og marga tilbúna að vinna fyrir hreyfinguna. Hann hrósaði því að fulltrúar séu frá okkur í alþjóðasamstarfi og að lokum hrósaði hann Jónasi Egilssyni fyrir vel unnin störf og afhenti honum gullmerki ÍSÍ.

Kvöldverður í boði Reykjavíkurborgar - Afhending heiðursviðurkenninga.

Eirmerki:

Bergur Hallgrímsson, Breiðablik.

Daði Rúnar Jónsson, FH.

Róbert Freyr Michelsen, Breiðablik.

Hörður Sverrisson, Fjölni.

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, HSK/Umf. Selfoss.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson. HSP/RUV.

Silfurmerki:

Arnþór Sigurðsson, Breiðabliki.
Gunnlaugur Karlsson, HSK/FRÍ.
Hlynur Guðmundsson. UMFA.

Gullmerki:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri.

Þingfulltrúar

Sonja gerði grein fyrir störfum kjörbrefanefndar og las upp nöfn fulltrúa á þinginu. Eftirfarandi fulltrúar voru samþykktir sem fulltrúar sinna héraðssambanda eða íþróttabandalaga:

HSP: Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Stefán Jónasson.

HSK: Helgi Sigurður Haraldsson, Engilbert Olgeirsson, Gunnhildur Hinriksdóttir, Vigdís Guðjónsdóttir, Gestur Guðjónsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Markús Ívarsson.

ÍBA: Guðmundur Víðir Gunnlaugsson, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Bergþór Ævarsson.

ÍH: Sigurður Haraldsson, Magnús Haraldsson, Ragnheiður Ólafsdóttir, Trausti Sveinbjörnsson, Unnur Sigurðardóttir, Kristinn Guðlaugsson, Helgi Freyr Kristinsson, Haraldur Magnússon, Einar Þór Einarsson og Davíð Rúnar Jónsson. Til vara: Steinn Jóhannsson, Einar Þór Einarsson, Björn Traustason og Sigurður Pétur Sigmundsson.

ÍBR: Hreinn Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Stefán Jóhannsson, Steinþór Einarsson, Margrét Héðinsdóttir, Helga Jensen og Fríða Rún Þórðardóttir. Til vara: Hákon Óli Guðmundsson, Óskar Hlynsson, Árni Georgsson, Felix Sigurðsson, Stefán Halldórsson, Gunnar Páll Jóakimsson og Þráinn Hafsteinsson.

UMSB: Einar Kr. Jónsson.

UMSE: Guðfinna Steingrímsdóttir, Ásgeir Már Hauksson og Sigrún Árnadóttir.

UMSS: Ásbjörn Karlsson, Davíð Harðarson, Friðrik Steinsson, Gísli Sigurðsson og Þorsteinn Þórsson.

UMSK: Hlynur Guðmundsson, Guðmundur Daði Kristjánsson, Arnþór Sigurðsson, Hannes Strange, Hallgrímur Arnalds, Stefán Guðmundsson og Magnús Valgeir Gíslason. Til vara: Anna L. Filbert og Magnús Jakobsson.

Skýrslu stjórnar fram haldið. Reikningar fyrir árin 2004 og 2005 lagðir fram

Einar Kristján Jónsson gerði grein fyrir reikningum í fjarveru gjaldkera.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Steinþór Einarsson spurði um hvað felist í skammtímaskuldum upp á 3,7 milljónir.

Einar svarar með því að vísa í skýringar á bls. 41. Ógreiddur kostnaður eru m.a. tryggingar ofl.

Báðir reikn síðan samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára

(Sjá næstu blaðsíðu.)

Þingskjal 2. Einar Kristján hafði framsögu.

Rekstraráætlun Frjálsíþróttasambands Íslands 2006 & 2007

Tekjur	2006 áætlun	2007 áætlun
Framlög og styrkir		
Íslensk getsþá	5.000.000	5.000.000
Norræni menningarmálasjóðurinn	200.000	200.000
Styrkir frá ÍSí/ÓS	2.200.000	4.500.000
Afrekssjóður	6.620.000	6.500.000
Endurgr. og styrkir IAAF	1.300.000	1.300.000
Endurgr. og styrkir EAA	2.500.000	2.500.000
Tekjur frá félögum / samböndum	500.000	500.000
Tekjur af mótum innanlands	150.000	150.000
Mótaþing EAA í Reykjavík	0	0
Ríkisstyrkur til sérsambanda	1.500.000	2.500.000
Tekjur v. Samnings við RUV.	2.000.000	2.000.000
Merkisberaverkefnið	0	5.000.000
Aðrar tekjur	5.000.000	6.000.000
Tekjur alls	26.970.000	36.150.000

Gjöld**Almenn rekstrargjöld**

Laun og launatengd gjöld	6.500.000	7.500.000
Greiðslur til keppenda	5.220.000	5.220.000
Móta- og ferðakostnaður innanlands	850.000	850.000
Móta- og ferðakostnaður erlendis	6.300.000	8.500.000
Mótaþing EAA í Reykjavík	0	0
Rekstur skrifstofu	3.500.000	3.500.000
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	3.500.000	3.500.000
Ýmis kostnaður	430.000	430.000

Merkisberaverkefnið

Önnur gjöld

Rekstrargjöld alls	26.300.000	29.500.000
---------------------------	-------------------	-------------------

Afkoma af rekstri

Tekjur alls	26.970.000	36.150.000
Rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði	26.300.000	29.500.000

Afkoma fyrir fjármagnsliði	670.000	6.650.000
-----------------------------------	----------------	------------------

Fjármagnsliðir

Vaxtagjöld	500.000	400.000
Afborganir af lánum		
Aðrir fjármagnsliðir		
Fjármagnsliðir alls	500.000	400.000

Afkoma	-170.000	6.250.000
---------------	-----------------	------------------

Afborganir af langtímalánum:	1.454.987	1.103.992
-------------------------------------	------------------	------------------

Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum

Þingskjal 3. Einar Kristján hafði framsögu.

Tillaga *að samþykkt um kostnaðarhlutdeild sambandsaðila í landsliðsverkefnum FRÍ*

Lagt fram af stjórn FRÍ.

55. frjálsíþróttþing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, samþykkir að frá og með apríl nk., verði innheimtar kr. 12.000 af hverjum þátttakanda sem er valinn í landsliðsferð á vegum FRÍ.

Þessi samþykkt gildi um allar ferðir á vegum sambandsins.

Skýringar

Staða FRÍ er nokkuð sérstök meðal sambærilegra sérsambanda, þar sem það er eina sambandið þar sem ferðir eru íþróttafólkinu því sem næst að kostnaðarlausu og er m.a. vísað í fylgiskjöl með þessari tillögu.

Kostnaður, sem íþróttamenn eða félag þeirra, verða að greiða vegna landsliðsverkefna er að stórum hluta eða öllu, greiddur af íþróttabandalögum og eða sveitarfélögum viðkomandi. Sem þýðir að kostnaður félaganna sjálfra eða einstaklinganna er mun minna en ella.

Staða FRÍ er einfaldlega þannig að ef sambandið á að halda úti starfsemi sem bæði þarf og sambandsaðilar gera kröfu um, er þessi ákvörðun því nauðsynleg. Eins gefur þetta tækifæri fyrir FRÍ að ráða til sín landsliðsþjálfara í aukin störf umfram það sem nú er.

Í samantekt sem fylgir með þessu þingskjali kemur fram að hlutur sérsambanda í utanlandsferðum er mjög mismunandi. Eina almenna reglan er að íþróttamenn greiða stóran hluta ferðakostnaðrins.

Fskj #1 með samþykkt um kostnaðarhlutdeild sambandsaðila í landsliðsverkefnum

Samantekt

um kostnaðarhlutdeild nokkurra sérsambanda vegna keppnisferða landsliðs/unglingalandsliðs erlendis

SSÍ:	Íþróttamenn/félag greiða að jafnaði um 40% af ferðakostnaði.
SKÍ:	Meginregla: SKÍ greiðir fyrir þjálfara og fararstjóra. Íþróttamenn/félag greiða sinn kostnað sjálf.
FSÍ:	HM, EM, NM og Norður Evrópumótið. Meginregla: FSÍ greiðir um 30%, auk alls kostnaðar fyrir þjálfara og dómara í ferðum. Einstaklingar og félag greiða um 70% þáttökukostnaðar íþróttamanna.
KKÍ:	A-landslið: KKÍ greiðir allan kostnað fyrir A-landslið. Unglingalið: KKÍ greiðir fyrir þjálfara, fararstjóra og upphald allra. Íþróttamenn greiða flug.
BLÍ:	A-landslið: BLÍ greiðir fyrir þjálfara og fararstjóra. Leikmenn/félag greiða sjálf fyrir flug eða u.þb. kr. 30 þús. per þátttakanda. Ef flug er dýrara s.s. ef margir koma utan af landi þá hækkar gjaldið í um kr. 40 þús. á hvern þátttakanda. Unglingalið: Fjáröflun: Einstaklingar/félag safna fyrir ferðinni s.s. hver og einn með styrkjum s.s. frá sveitafélögum/fyrirtækjum. BLÍ ber engan kotnað af þessum ferðum.

Mörg sveitarfélög styrkja félag/íþróttamenn vegna landsliðsferða. Dæmi:

- * Hafnarfjörður: kr. 12.500.- per einstakling
- * Reykjavík: kr. 16.500.- per einstakling
- * Kópavogur: kr. 15.000.- þús. per einstakling
- * Héraðssamb. s.s. UMSK styrkir ferðir á vegum landsliðs um ca. 20% af heildarferðakostnaði.
Lágmark 10 þús. per einstakling.
- * Einstaklingur s.s. í Kópavogi getur því fengið um 25-30þús. endurgreitt vegna ferðar á vegum landsliðs/unglingalandsliðs per. ferð frá sveitarfélagi/héraðssamb.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson spyr hvers vegna afkoman er áætluð neikvæð annað árið en hitt jákvæð. Hann bendir á hversu langt frá áætlunum afkoman hefur verið. Varðandi þingskjal 3 þá segist hann ekki sjá þörf á að innheimta kostnaðarhlutdeildina, miðað við áætlanir. Bendir á að sumir hafi komist upp með að greiða ekki. Aðbúnaður er misjafn. Sum sveitarfélög greiði með sínu fólki. Sér ekki að þau séu tilbúin að borga í margar ferðir. Sum munu aldrei borga í svona ferðir. Bendir á að hærra hlutfall komi utan af landi þar sem minni styrkir fáiast til þessara ferða. Auk þess bætist við ferð til Reykjavíkur utan annars kostnaðar. Erfitt með allan kostnað vegna ferða og vinnutaps. Bendir á að SSÍ fer í fleiri ferðir sem landslið. Hins vegar sé í lagi að borga í ferðir sem gera meira fyrir íþróttamennina.

Magnús Jakobsson ræddi ekki tillöguna sjálfa en gagnrýnir samantektina. Kópavogur greiðir allt að 15000 kr. gegn framlögðum reikn fyrir fyrsta mann en 7500 eftir það. UMSK greiðir ekki ef Kópavogur greiðir. Heildarupphæðin geti því ekki orðin eins og stendur í samantektinni. Tekur undir orð SÁA um hvað mikill peningur fer í það hjá fjölskyldum að halda úti börnum í íþróttum.

Guðlaug Baldvinsdóttir minnti á að reikningar hafi komið til félagsins vegna landsliðssferða. Óskar eftir nánari skilgreiningu á hvað séu landsliðssferðir.

Hannes Strange bað um nánri skýringu á því hvaða tölu er verið að tala um í áætlun.

Einar svaraði. Benti á að ekki sé reiknað með þessum tekjum í áætlun en þær myndi auka tekjur um eina milljón. Í öðrum tekjum eru styrktarsamningar FRÍ við fyrirtæki í sambandi við RÚV útsendingar. Prentvilla að hafa mínus í útkomu áætlunar 2006, á að vera plús.

Jónas E. Um þingskjal 3. Tók undir orð Hannesar. Sagði að ekki standi til að rukka Kópavog í tvígang. Sagði bæjarfélögin þurfa að greiða og að það sé réttlætismál að þau geri það. Allar ferðir sem FRÍ tekur þátt í eru landsliðssferðir. Bendir á að sundmenn greiði að jafnaði 40% af kostnaði við landsliðssferðir. Varðandi lítil sveitafélög sagði hann að þau eigi að geta þetta eins og hin. Benti á að heildarferðakostnaður sé um 6 milljónir króna.

Þingforseti sagði umræðu um þetta mál þar með lokið.

Arnþór Sigurðsson bað um orðið vegna fundarskapa. Vildi hann sjá styttri umræður um hvert þingskjal en geyma umræður þar til mál hefðu verið tekin til umfjöllunar í nefndum þingsins.

Þingforseti tók vel í þá málaleitan.

Þingskjölum 1 og 3 vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 5. Jónas Egilsson hafði framsögu.

*Frumvarp
til breytinga að lögum FRÍ,*

Lagt fram af stjórn FRÍ.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. hljóðist svo:

Frjálsíþróttaping skal haldið í mars eða apríl hvert ár sem endar á jafnri tölu. Skal þingið boðað með formlegum hætti með minnst mánaðar fyrirvara. Þingið skal standa í tvo daga, en þó skal stjórn heimilt að ákveða að þingið skuli haldið á einum degi.

Skýringar:

Ekki er tekið á því í lögum hvaða ár þingið skuli haldið. Hér er lagt til að það verði, eins og hefur verið framkvæmt, á árum sem enda á jöfnum tölum, ekki oddatölum. Þá er lagt til að stjórn verði heimilt að stytta lögboðin tveggja daga þing í einn dag. Þingið sjálft gæti, skv. þingskapareglum, tekið ákvörðun um að þinghald standi í tvo daga og eða ákveða framhaldsþing, gerist þess nauðsyn.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. hljóðist svo:

Kjörbréfanefnd skal skipuð þremur mönnum. Aðrar nefndir skulu skipaðar fimm mönnum, en öðrum þingfulltrúum er heimilt að velja sér starfsnefndir.

Skýringar:

Í núgildandi ákv. skal ritari stjórnar FRÍ vera formaður kjörbréfanefndar. Ekki er talið nauðsynlegt að þessi aðili gegni þessu starfi og er eðlilegt að þingið velji sér kjörbréfanefnd og skipi formann hennar eins og annarra nefnda. Við styttingu greinarinnar er lagt til að 2. mgr. verði 2. ml. 1. mgr.

3. gr.

7. gr. hljóði svo:

Dagskrá.

Sambandsaðilar skulu tilkynna FRÍ minnst fjórtán dögum fyrir þing um ályktunartillögur og tillögur að breytingum að reglugerðum (sjá þó 2. ml.), sem þeir óska eftir að teknar verði fyrir á þinginu. Lagabreytingartillögur og tillögur að breytingum á keppnisreglum skulu hafa borist FRÍ minnst mánuði fyrir þing.

Stjórn FRÍ skal tilkynna sambandsaðilum skriflega dagskrá þingsins og efni tillagna sem ræða á á þinginu í síðasta lagi sjö dögum fyrir þing.

Þingið getur með $\frac{2}{3}$ atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Þetta á þó ekki við lagabreytingar eða breytingar á keppnisreglum.

Skýringar:

Hér er leitast við að taka á ályktun Frjálsíþróttapings frá 2004. Greint er á milli fyrirvara til að skila inn ályktunartillögum og almennum reglugerðabreytingum annars vegar og hins vegar tillögum til laga- og keppnisreglnabreytinga. Frestur til að skila inn tillögum að ályktunum er stytur frá því sem er í gildandi lögum. Hins vegar er frestur til að skila inn breytingartillögum á lögum FRÍ og keppnisreglum lengdur. Ástæðu þessarar aðgreiningar er að laga- og keppnisreglnabreytingar geta þurft ítarlegri skoðun og samanburð við ákvæði í lögum ÍSÍ og eða IAAF. Þingsályktanir eru hins vegar af öðrum toga og þurfa því ekki eins ítarlega meðferð eða skoðun. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að senda inn lagabreytingar eða breytingartillögur að keppnisreglum eftir að tilskilinn frestur er runninn út.

Þingskjal 6. Jónas Egilsson hafði framsögu.

Tillaga

að ályktun fyrir 55. frjálsíþróttaping 2006 um heildarendurskoðun á lögum FRÍ

55. frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, samþykkir að skipa nefnd til endurskoðunar á lögum FRÍ. Nefndin hafi til hliðsjónar bæði innlend og erlend lagaákvæði sem FRÍ er skuldbundið og færi þau ákvæði inn í lög FRÍ eftir því sem við á.

Einnig verði nefndinni falið að skila tillögum um þingsköp fyrir frjálsíþróttaping.

Nefndin verði kosin á yfirstandandi þingi og skili álitum fyrir næsta reglulega þing FRÍ.

Skýringar:

Lög FRÍ eru frekar almenns eðlis og eru lög ÍSÍ þeim til fyllingar eftir því sem við á. Eins eru ákvæði í lögum Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (IAAF) sem sérsamböndum ber að fara eftir. Þó svo að slík ákvæði geta veitt lausn í úrskurðarmálum, er ljóst að fyrir hinn almenna notanda og jafnvel stjórn FRÍ getur verið seinvirkt að þurfa að fletta í gegnum bálfka ÍSÍ og IAAF til að finna ákvæði sem geta átt við stjórnvaldsaðgerðir.

Þingskjal 7. Jónas Egilsson hafði framsögu.

Tillaga

til breytingar á stöðu samþykktar um Íþróttamannanefnd með viðbótum,

Lagt fram af stjórn FRÍ.

1. gr.

FRÍ þing samþykkir að samþykkt stjórnar FRÍ frá 25. júní 2003 um Íþróttamannanefnd verði sérstök reglugerð.

Skýringar:

Bæði IAAF og EAA hafa sambærilegar nefndir og ætlast til af sínum sambandsaðilum að hafa slíkar nefndir einnig. Hlutverk þeirra er útskýrt í núverandi samþykkt sem fylgir með í viðauka þessarar tillögu. Þessi breyting styrkir stöðu nefndarinnar, frá því að vera í raun í umboði stjórnar, yfir í að vera í umboði hreyfingarinnar.

2. gr.

Ný grein 1.4. hljóðist svo:

Aðeins einn íþróttamaður úr hverju félagi er kjörgengur á þeim degi sem kosning fer fram. Hljóti fleiri en einn íþróttamaður úr sama félagi atkvæði skulu aðeins gilda atkvæði þess sem flest atkvæði hlýtur. Íþróttamaður sem skiptir um félag missir þó ekki rétt sinn til setu í nefndinni, þó svo að annar íþróttamaður úr sama félagi sé í nefndinni.

Skýring

Í reglum IAAF og EAA er eingöngu einn gjaldgengur frá hverju landi. Nefndinni er ætlað að endurspegla viðhorf og sjónarmið íþróttamanna í sem víðtækastri mynd, en ekki ætlað að verða ákvörðunar.

Því er þessi breyting lögð til.

Viðauki

*Samþykkt um íþróttamannanefnd (Athletes' Commission) FRÍ
(Samþykkt á fundi stjórnar 25. júní 2002)*

1. Skipan

- 1.1. Nefndin skal skipuð fimm íþróttamönnum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: Að hafa keppt á Meistaramóti Íslands eða Bikarkeppni FRÍ, keppt fyrir Íslands hönd á vegum FRÍ að minnsta kosti ári áður en þeir taka sæti í nefndinni.
- 1.2. Í nefndinni skulu vera að minnsta kosti tveir karlmenn og tvær konur. Einn þeirra skal vera formaður nefndarinnar.
- 1.3. Nefndin skal kosin úr hópi gjaldgengra íþróttamanna.

2. Hlutverk og starfssvið

- 2.1. Hlutverk nefndarinnar er að sinna hlutverki „Athletes' Commission“, skv. ákvörðun EAA og IAAF, þ.m.t. að taka þátt í kjöri íþróttamanna í „Athletes' Commission“ hjá báðum samböndunum og fleiri verkefni eftir því sem það á við.
- 2.2. Að vera stjórn FRÍ ráðgefandi um málefni íþróttamanna. Þetta á þó ekki við um val í landslið, úrvalshópa eða fararstjóra í ferðir á vegum FRÍ.
- 2.3. Formaður nefndarinnar, eða annar fulltrúi hennar, skal eiga seturétt á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt um mál sem íþróttamenn varða.
- 2.4. Nefndin skal hafa afnot af skrifstofu og aðgang að starfslíði sambandsins í samráði við formann eða framkvæmdastjóra.

3. Starfstímabil o.fl.

- 3.1. Starfstímabil nefndarinnar skal vera fram að næsta Frjálsíþróttaráþingi, árið 2004.
- 3.2. Reglur þessar skulu endurskoðar fyrir næsta Frjálsíþróttaráþing.

Þingskjal 8. Jónas Egilsson hafði framsögu.

*Tillaga
til breytinga á Sérkeppnisreglum FRÍ um lyfjapróf,*

Lagt fram af stjórn FRÍ

1. gr.

Til staðfestingar Íslandsmeta fullorðinna skal íþróttamaðurinn undirgangast lyfjapróf í samræmi við reglur Alþjóðafriðsfrjálssíþróttasambandsins (IAAF). Innan við sólarhringur skal líða frá því að met er sett og þar til viðkomandi íþróttamaður undirgengst prófið.

Það er á ábyrgð viðkomandi íþróttamanns, eða íþróttamanna ef um boðhlaup er að ræða, eða félags viðkomandi að próf sé tekið og að tilkynning um met sé rétt skráð og tilkynnt til FRÍ. Þetta gildir þó ekki ef um mót á vegum FRÍ er að ræða. Þar er ábyrgðin FRÍ.

2. gr.

Þær keppnisgreinar sem krafa er gerð um lyfjapróf á við eru þær sem keppt er í á Ólympíuleikum, Heims- og Evrópumeistaramótum, landskeppnum og alþjóðlegum stigamótum IAAF og EAA, bæði innan og utanhúss. Ef um met í boðhlaupi er að ræða skal a.m.k. einn keppandi úr sveitinni undirgangast prófið. Val skal vera tilviljunarkennt og skal lyfjæftirlitsaðili viðkomandi móts bera ábyrgð á valinu.

3. gr.

Stjórn FRÍ er heimilt að undaskilja einstaklinga sem hafa sett met, ef innan vika er liðin frá því að viðkomandi íþróttamaður fór síðast í próf.

4. gr.

FRÍ skal tilkynna árlega til IAAF um fjölda lyfjaprófa sem tekin eru á íslensku frjálsíþróttafólki. Eins skal FRÍ tilkynna til IAAF ef um jákvæð próf er að ræða.

Ennfremur ber FRÍ að fara að öðru leyti eftir reglum IAAF um lyfjamál eftir því sem við á.

5. gr.

Þá skal FRÍ vinna í samvinnu við IAAF, EAA og ÍSÍ eftir því sem við á, að kynningu á reglum WADA, IAAF og ÍSÍ um lyfjamál og afleiðingum brota.

Skýringar

Nokkur óvissa hefur verið um hvenær íþróttamaður skuli undirgangast lyfjapróf. Núverandi ákvæði eru 1. mgr. 1. gr. þessa frumvarps.

Ljóst er að ekki gilda sömu skilyrði um allar greinar, t.d. er mikill munur á 300 m hlaup og 400 m hlaupi svo dæmi sé tekið og ekki ástæða til að láta methafa fara í lyfjapróf vegna þess fyrrnefnda, þó svo að hann eða hún yrði að gera það vegna mets í síðarnefndu greininni.

Þá eru dæmi um að met hafi verið bætt með stuttu millibili og ekki undantekningalaus ástæða til að prófa í hvert skipti, enda hæpið að hægt sé bæta árangur með “lyfjagjöf” með stuttu millibili í öllum tilfellum.

FRÍ og ÍSÍ eru skuldbundin reglum WADA (World Anti Doping Agency), en íslenska ríkið hefur undirritað alþjóðlegan sáttmála um að fara að reglum þess. Þetta er gert að kröfu Alþjóða Ólympíunefndarinnar og er skilyrði fyrir þátttöku á alþjóðlegum mótum.

FRÍ hefur ennfremur skuldbindingar gagnvart IAAF sem í sumum tilfellum ganga lengra en reglur WADA. Mjög ítarlegar reglur erum í lagabálkum IAAF um lyfjapróf, framkvæmd þeirra og meðferð mála. Eins eru ákvæði um eftirlitsskyldur gagnvart afreksíþróttafólki og hvað felst í því að missa af prófi utan keppni o.s.frv.

Þingskjal 9. Jónas Egilsson hafði framsögu.

Tillaga

að ályktun fyrir 55. frjálsíþróttabing 2006, um 60 ára afmæli FRÍ á næsta ári

Lagt fram af stjórn FRÍ

55. frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, samþykkir að skipuð verði sérstök nefnd til að undirbúa 60 ára afmæli Frjálsíþróttasambandsins 17. ágúst á næsta ári. Einnig er samþykkt að fela stjórn FRÍ undirbúning að samkeppni um nýtt vörumerki (branding) fyrir frjálsíþróttir í landinu.

Hið nýja útlit taki mið af því að frjálsíþróttir eru ekki eingöngu keppnisíþróttir á íþróttavelli, heldur er einnig ætlað að ná til almennings með götu- og víðavangshlaupum, fjallahlaupum og frjálsíþróttum fyrir börn og unglinga. Frjálsíþróttir eru með öðrum orðum ekki aðeins íþrótt heldur einnig lífsstíll.

Skýringar:

Hin alþjóðlegu sambönd, IAAF og EAA, hafa ekki aðeins verið að breyta merkjum sínum á undanförunum árum, heldur er Evrópusambandið líka að vinna að nýrri skilgreiningu á íþróttinni. Ljóst er að ef frjálsíþróttir eiga að vaxa og dafna í framtíðinni verður íþróttin að ná til og skilgreina sig í víðara samhengi en gert er í dag.

Alls eru um 4.900 iðkendur skráðir innan hinnar hefðbundnu skilgreiningar í dag. Hins vegar er margfaldur sá fjöldi sem stundar frjálsíþróttir reglulega með einum eða öðrum hætti, þá helst skokki, sér til heilsubótar og ánægju. Einnig eru fjöldahlaup skipulögð sem eru ekkert annað en frjálsíþróttir, en eru utan hreyfingarinnar, annað hvort innan annarra sambanda innan hreyfingarinnar eða algjörlega óháð henni.

Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir frjálsíþróttir að ná til einstaklinga utan hinnar hefðbundnu íþróttaiðkunar, heldur nauðsynlegt. Náist þetta markmið, að tengja saman heilsubótaríþróttafólk og keppnisfólk yrðu samlegðaráhrifin umtalsvert meiri en samanlagður þróttur þessara hópa er í dag.

Þingskjal 10. Jónas Egilsson hafði framsögu.

Tillaga

að ályktun fyrir 55. frjálsíþróttabing 2006, um breytingar á skilgreiningu á hugtakinu iðkandi í íþróttum

Lagt fram af stjórn FRÍ

55. frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, skorar á framkvæmdastjórn ÍSÍ að leggja fram tillögu á næsta íþróttabingi breytingartillögu á 2. gr. Móta- og keppnisreglum ÍSÍ, þar sem ófélagsbundnum iðkendum verði veittur beinn aðgangur að héraðssamböndum eða sérsamböndum.

Með þessum hætti væri ófélagsbundnum heimill aðgangur að almenningsíþróttamótum sérsambanda, s.s. Víðavangshlaupum, öldungamótum, götuhlaupum, en gætu á sama tíma talist gjaldgengir iðkendur í íþróttahreyfingunni.

Þessi ákvæði eigi ekki við keppnir sem heyra undir reglur alþjóðlegra íþróttasambanda, heldur eigi við hinn almenna íþróttaiðgumann sem stundar íþróttir sér til heilsubótar og ánægju.

Skýringar:

Sú skilgreining á hugtakinu “iðkandi” sem mótuð var fyrir margt löngu stenst ekki þær breytingar sem hafa orðið í samsetningu íþróttaiðkenda í samfélaginu. Fyrir innan við 25 árum síðan voru þeir sem stunduðu hlaupaæfingar úti á götum litnir hálfgerðu hornauga, rétt eins og einstaklingar á flóttá!

Nú eru hins vegar tugþúsundir Íslendinga sem hlaupa daglega á götum úti sér til heilsubótar og ánægju, auk hinna sem stunda keppnisíþróttir af fullum krafti.

Þessir almennu iðkendur hafa oft á tíðum alls engan áhuga á að tengjast hinum hefðbundnu íþróttafélögum eða samtökum, heldur vilja hafa eigin “skokkópa”. Þessir skokkhópar geta ýmist verið staðbundnir eða tengdir fyrirtækjum. Með öðrum orðum stór hópur iðkenda sem er fyrir utan íþróttahreyfinguna.

Ljóst er að ef frjálsíþróttir eiga að vaxa og dafna í framtíðinni verður íþróttin að ná til og skilgreina sig í víðara samhengi en gert er í dag.

Alls eru um 4.900 iðkendur skráðir innan hinnar hefðbundnu skilgreiningar í dag. Hins vegar er margfaldur sá fjöldi sem stundar frjálsíþróttir reglulega með einum eða öðrum hætti, þá helst skokki sér til heilsubótar og ángæju. Einnig eru skipulögð fjöldahlaup sem eru ekkert annað en frjálsíþróttir, en eru utan hreyfingarinnar, annað hvort innan annarra sambandan innan hreyfingarinnar eða algjörlega óháð henni.

Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir frjálsíþróttir að ná til einstaklinga utan hinnar hefðbundnu íþróttaiðkunar, heldur nauðsynlegt. Náist þetta markmið, að tengja saman heilsubótaríþróttafólk og keppnisfólk, yrðu samlegðaráhrifin umtalsvert meiri en samanlagður þróttur þessara hópa er í dag.

Ljóst er að þessar breytingar geta ekki átt við keppendur sem taka þátt í mótum sem heyra undir alþjóðleg samtök og hina ólympísku íþróttahreyfingu. Þessi samtök verða að hlíta bæði alþjóðlegum keppnisreglum og lyfjareglum.

Þingskjal 11. Stefán Halldórsson hafði framsögu.

Tillaga

að ályktun fyrir 55. frjálsíþróttabing 2006, um samstarf sérsambanda um rekstur skrifstofu

Lagt fram af stjórn FRÍ

55. frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, ályktar að fela stjórn FRÍ að halda áfram viðræðum við Sundsambandið, önnur sérsambönd og ÍSÍ um samvinnu í rekstri skrifstofu.

Markmiðið verði að sameina skrifstofuhald sambandanna þannig að aukið fé frá rekstri verði til íþróttatengdrar starfsemi.

Skýringar

Í síðasta mánuði undirrituðu formenn FRÍ og SSÍ yfirlýsingu þess efnis að stefna bæri að samstarfi þessara sambanda um rekstur skrifstofu. Málið kom upp í kjölfar samstarfs þessara sambanda á sviði íþróttamála þar sem þessar íþróttagreinir eiga mjög margt sameiginlegt.

SSÍ og FRÍ hafa um nokkurt skeið staðið í viðræðum um sameiginlegan rekstur á skrifstofum þeirra. Gagnkvæmur vilji hefur verið fyrir hendi innan beggja stjórna að stíga skrefið til fulls. Markmið með þessu starfi er að ná fram hagræðingu þannig að bæði samböndin, og önnur sem koma að þessu samstarfi, hafi meira fjármagn og tíma til að sinna íþróttatengdri starfsemi. Ljóst er að bæði samböndin eyða miklum tíma sinna starfsmanna og þ.a.l. kostnaði, í störf og búnað sem hægt væri að hagræða með samstarfi.

Í framtíðinni gæti þetta samstarf leitt af sér samstarf á sviði fjáröflunar og fleiri sviðum eftir atvikum hverju sinni.

Þingskjal 12. Stefán Halldórsson hafði framsögu.

Tillaga

að ályktun fyrir 55. frjálsíþróttabing 2006, um uppbyggingu á viðurkenndu þjálfunarsetri í Reykjavík

Lagt fram af stjórn FRÍ

55. frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, ályktar að fela stjórn FRÍ áframhaldandi vinnu í samráði við FÍRR og aðra hlutaðeigandi aðila að koma á laggirnar æfingasetri í Reykjavík með viðurkenningu Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (IAAF Accredited Training Centre-ATC).

Skýringar:

Markmiðið með þessari umsókn er að auka veg og virðingu íslenskra frjálsíþróttabæði innanlands og erlendis. Með þessari viðurkenningu komast íslensk frjálsíþróttaaðataða og frjálsíþróttabjálffarar á alheimskort í frjálsíþróttum.

IAAF og Olympic Solidarity munu styrkja unga og efnilega íþróttamenn til æfinga og keppni hérlendis. Það mun efla þjálfara og verða íslensku íþróttafólki hvatning. Í tengslum við þessa aðstöðu munu skapast möguleikar á að tengjast rannsóknarstarfi á háskólastigi sem aftur mun skila sér með jákvæðum hætti til íþróttarinnar. Aðkomu að þessu verkefni gætu átt fyrirtæki og einstaklingar með þekkingu á frjálsíþróttum

og íþróttum almennt sem gætu nýtt sér aðstöðu og aðgengi að íþróttamönnum til mælinga og rannsókna. Árangurinn gæti orðið e.k. “þekkingarþorp” í frjálsíþróttum – jafnvel fleiri íþróttagreinum í Laugardalum.

Fulltrúi IAAF, Elio Locatelli, sem er framkvæmdastjóri Þróunarviðs, kom til Reykjavíkur í tilefni Mótaþings EAA sl. haust og fór hann skoðunarferð um Laugardalinn. Leist honum mjög vel á aðstæður og hvatti FRÍ og FÍRR til að sækja um viðurkenningu IAAF á ATC hér í borg.

Þingskjal 13. Stefán Halldórsson hafði framsögu.

Tillaga

að ályktun fyrir 55. Frjálsíþróttaping 2006 um uppbyggingu á frjálsíþróttaaðstöðu

Lagt fram af stjórn FRÍ

55. frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, fagnar uppbyggingu á innanhúss frjálsíþróttaaðstöðu í Laugardalshöll Reykjavíkur.

Ljóst er að tilkoma þessa húss gjörbreytir ekki aðeins aðstöðu til æfinga og keppni, heldur líka viðhorfi til frjálsíþróttar í landinu. Slík viðhorfsbreyting endurspeglar m.a. í aukinni og jákvæðari fjölmiðlaumfjöllun undanfarið. Eins hefur árangur íþróttafólksins stórbatnað í kjölfar bættrar aðstöðu. Ennfremur er almennur áhugi á íþróttinni að aukast eins og sókn nýliða ber vott um.

Það er einnig sérstakt ánægjuefni að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ákveðið að hefja byggingu innanhúss- aðstöði í þar í bæ og stefnir í að það hús verði tekið í notkun innan tveggja ára.

Frjálsíþróttaping vill einnig skora á bæjaryfirvöld á landinu almennt að viðurkenna í verki hið mikla gildi frjálsíþróttar í landinu og búa vel að íþróttinni. Ljóst er að um leið og aðstaða skapast, eykst sókn barna og unglunga í frjálsíþróttir.

Forvarnargildi íþróttarinnar er viðurkennt og áhrif á lífsstíl og lífsviðhorf barna og unglunga eru umtalsverð. Vegna fjölbreytileika íþróttarinnar getur hún höfðað til breiðari hóps en flestar aðrar íþróttir.

Þingskjal 14. Stefán Halldórsson hafði framsögu.

Tillaga

að ályktun fyrir 55. Frjálsíþróttaping 2006 kjör íþróttamanns og konu ársins

Lagt fram af stjórn FRÍ

55. frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, vill fagna 50 ára afmæli kjörs íþróttamanns ársins. Þingið telur að þetta kjör hafi verið íþróttum í landinu mjög til framdráttar og dregið verðskuldaða athygli að afrekíþróttum.

Þingið samþykkir beina því til Samtaka íþróttafélagaritarara og ÍSÍ að þessi samtök í sameiningu endurskoði fyrirkomulag á kjöri íþróttamanns ársins. Telur þingið núverandi fyrirkomulag á kjöri barn síns tíma og beri að endurskoða.

Frjálsíþróttaping leggur til eftirtaldar breytingar:

- * Í fyrsta lagi er það álit þingsins að kjósa beri íþróttamann og konu ársins. Slíkt fyrirkomulag endurspeglar betur breytta stöðu kynjanna í nútíma samfélagi.
- * Í öðru lagi ætti að kjósa íþróttamenn einstaklingsgreina og íþróttamenn hópíþróttagreina. Samanburður á milli þessara íþróttagreina er ekki raunhæfur, þar sem einstaklingsíþróttamaður er valinn á grundvelli eigin frammistöðu, en til viðbótar hefur frammistaða liðs áhrif á athygli hópíþróttamanns.
- * Ennfremur, að úr hópi fjögurra ofangreindra einstaklinga, ætti að velja einn íþróttamann eða konu sem af sem bæri af sem íþróttamaður, fyrirmynd og leiðtogi (sports personality).
- * Þá telur þingið að endurskoða beri aðferð við val íþróttamanns (manna) ársins. Lagt er til að almenningur komi að kjörinu að einum hluta til, fulltrúar íþróttarinnar að öðrum hluta og íþróttafélagaritararar að þeim þriðja. Mjög mikilvægt er að virkja og virða álit almennings í þessum

efnum sem og öðrum. Ekki er hægt að gera þá kröfu til fréttaritara að þeir þekki til íþróttanna og geti þar að leiðandi gert upp á milli þeirra, en það á hvorki né má ganga framhjá þeirra mati heldur.

Skýringar

Nýjir tímar gera kröfur um nýjar aðferðir og vinnubrögð. Eins viðraði forseti ÍSÍ ýmsar hugmyndir um breytingar á kjörinu í ávarpi sínu við útnefningu íþróttamanns ársins þann 3. janúar sl., sem rétt getur verið að staldra við.

Viðurkenning til íþróttamanns ársins á sl. 50 árum hefur vakið óskipta athygli. Stundum hefur hún verið umdeild og er það eðlilegt í umhverfi þar mikil fjölbreytni er í íþróttafloornni hér á landi sem fer stöðugt vaxandi.

Ekki er óeðlilegt að þeim tímum sem jafnrétti kynjana er í hávegum haft, að kynjunum sé gert í raun jafnhátt undir höfði og ekki aðeins leitast við að gera upp á milli manna, heldur kynjanna og íþróttagreina um leið. Fækka mætti þessum átakpunktum með því að velja annars vegar karl og konu ársins og síðan hóp- og einstaklingsíþróttamann ársins.

Val íþróttamanns ársins hefur verið einskorðað við íþróttafréttaritara. Það myndi auka auglýsingagildi kjörsins með þátttöku almennings. Eins gæfi það valinu ákveðinn faglegan blæ ef ákveðinn hópur sérfræðinga innan íþróttanna kæmi að valinu líka. Í öllu falli dragi þessi aðferð úr oft óverðskuldaðri gagnrýni á valið, þar sem helstu aðilar sem hafa staðið fyrir gagnrýni, kæmu að valinu eða hefðu kost á því að taka þátt í valinu.

Þingskjal 15. Stefán Halldórsson hafði framsögu.

Frumvarp til breytinga á reglugerð FRÍ um Garpsmerki

Lagt fram af stjórn FRÍ.

1. gr.

Núverandi reglugerð um Garpsmerki FRÍ verði felld niður.

2. gr.

Stjórn FRÍ verði falið að skipa sérstaka nefnd sem skili tillögum fyrir næsta þing um nýtt heiðursmerki fyrir einstaka afreksmenn sem hafa náð langt á alþjóðlegum mælikvarða. Miðað er við að þessi viðurkenning verði afhent við eða í lok keppnisferils viðkomandi íþróttamanns.

Gert er einnig ráð fyrir að hægt verði að veita einstaklingum þessa viðurkenningu sem þegar hafa lokið ferli sínum.

Lagt er til að kosin verði sérstök ráðgjafanefnd reyntra einstaklinga sem geri tillögur til stjórnar FRÍ um viðtakendur. Viðurkenningin verði afhent þegar stjórn FRÍ þykir henta og skv. tillögum ráðgjafanefndarinnar.

Skýringar

Reglugerð um garpsmerki er gömul að stofni til þó einhverjar breytingar hafi verið gerðar á reglugerðinni í síðari tíð. Garpsmerki hafa ekki verið afhent í langan tíma og þá hefur ekki verið haldið sérstaklega utan um garpsmerkjastig og hverjir hafa unnið til garpsmerkja.

Hins vegar skortir sérstaka viðurkenningu til handa afreksfólki, sem annaðhvort hefur átt langan og farsælan keppnisferil að baki eða náð góðum árangri á erlendum vettvangi. Í huga eru mót eins og Ólympíuleikar, Heimsmeistaramót, Evrópameistaramót, Stigamót IAAF og EAA, bandarísk háskólamót (NCAA) o.fl.

Haustið 2000 ákvað stjórn FRÍ að heiðra sérstaklega Vilhjálm Einarsson og Völu Flosadóttur sem hafa unnið til verðlauna á Ólympíukeikum. Eins hafa ýmsir keppendur náð mjög langt á HM og fleiri mótum, unnið til sigra eða unnið frækileg afrek á ýmsum mótum.

Það gæti orðið ýmsum ungum íþróttamönnum hvatning og fordæmi ef farið yrði að gera okkar afreksfólki sérstök skil og athygli dregin að afrekum þess, auk þess sem afreksfólkið á það inni hjá hreyfingunni að framlag þeirra verði metið að verðleikum.

Þingskjal 16. Stefán Halldórsson hafði framsögu.

*Frumvarp
til breytinga á Reglugerð FRÍ um Meistaramót Íslands og Víðavangshlaup Íslands*

Lagt fram af stjórn FRÍ.

1. gr.

Felld verði niður lágmörk á öllum meistaramótum. Skv. því verði greinar 2.1.4.2, 2.1.5.2., 2.1.6.2 og útlistun lágmarka í gr. 5.1. felld niður.

2. gr.

Ákvæði í gr. 3.5 “Ekki er keppt til stiga á Öldungamóti” falli niður.

3. gr.

Viðbótar ml. við gr. 3.5. “Stigakeppnin nær til 1. og 2. hluta MÍ, ekki annarra hluta” skv. 2. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Ný grein 2.2.6. hljóðist svo:

Þáttaka á Meistaramótum öldunga skal vera opin einstaklingum sem ekki eru skráðir í íþróttafélög innan ÍSÍ. Skulu þessir þátttakendur greiða þáttökugjöld. Einnig skulu lið þessara keppenda vera gjaldgeng til stigaverðlauna eins og lið annarra þátttakenda.

5. gr.

Nýr ml. bætist við 1. gr. Reglugerð um Víðavangshlaup Íslands:

Þáttaka í Víðavangshlaupi Íslands skal vera opin einstaklingum sem ekki eru skráðir í íþróttafélög innan ÍSÍ. Skulu þessir þátttakendur greiða þáttökugjöld og vera gjaldgengir til stigaverðlauna eins og aðrir þátttakendur.

Skýringar

Um 1. gr. Ekki er talin þörf á þessum lágmörkum og ekki hefur verið farið eftir þessum lágmörkum í langan tíma. Í framkvæmd hefur undankeppni árdegis báða keppnisdaga MÍ leyst skipulagsvanda sem hefur stafað af “of mörgum” keppendum í einstökum greinum. Þessi tillaga er í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun mótahalds.

Um 2. gr. Stigakeppni hefur farið fram á MÍ öldunga, þrátt fyrir ákv. um að það skuli ekki. Í ljósi þessa er lagt til að ákvæðið falli niður.

Um 3. gr. Til áhersluauka, ekki efnisleg breyting.

Um 4. og 5. gr. Lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna og áherslna FRÍ. Nauðsynlegt er að opna og auka við fjölda keppenda og gera þeim auðveldara að taka þátt í þessum mótum. Þessi tillaga er í samræmi við þá stefnu að víkka út hefðbundna skilgreiningu á frjálsíþróttum og styrkja íþróttina almennt.

Þingskjal 17. Hlynur Guðmundsson hafði framsögu.

*Frumvarp til
breytinga á reglum um Bikarkeppni FRÍ*

Flutningsmaður: Hlynur Guðmundsson

1. gr.

Núverandi 3. gr. fellur út og í staðinn kemur ný 3 grein - sem hljóðar svo:

Öll héraðsambönd og frjálsíþróttaráð innan FRÍ eiga rétt til þátttöku í keppninni. Einnig geta einstök félög innan héraðssambands tekið þátt í keppninni undir sínu nafni, ef viðkomandi héraðssamband keppir þar

ekki. Heimilt er að senda sameiginlegt lið tveggja félaga eða sambanda til keppni, óheimilt er félögum eða samböndum að senda fleiri en eitt lið til keppni.

Heimilt skal FRÍ að stofna til keppni í 2. deild, ef fyrirsjáanlegt er að þátttaka verði umfram tólf lið í aðal Bikarkeppni.

2. gr.

Núverandi grein 4.2 fellur út en ný mgr. hljóðist svo:

Aðild að Bikarkeppni FRÍ eiga félög og sambönd sem munu taka þátt hverju sinni og skal hvert þeirra tilnefna einn aðila í ráðið. Auk þess tilnefnir stjórn FRÍ einn aðila í ráðið og skal hann vera formaður þess.

3. gr.

5. gr. - (óbreytt) - en þó þarf að endurskoða hvernig er dregið fyrirfram á brautir. Hugmynd að draga á milli stigahæstu liða fyrra árs.

4. gr.

Núverandi 7.gr. falli á brott en ný gr. hljóðist svo:

Í keppninni er hverju liði veitt stig fyrir hverja grein sem hér segir:
Í Aðal bikarkeppni FRÍ hlítur sigurvegari jafnmörg stig og fjöldi þeirra liða er tekur þátt í keppninni og svo framvegis. Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í einhverri grein skulu stig skiptast jafnt á milli þeirra.

5. gr.

Núverandi 8.gr. falli á brott en ný gr. hljóðist svo:

Það lið, sem flest stig hlítur í Bikarkeppni FRÍ hlýtur sæmdarheitið "Bikarmeistari í frjálsíþróttum". Það lið sem flest stig hlýtur í kvennagreinum, hlýtur sæmdarheitið "Bikarmeistari kvenna í frjálsíþróttum" og í karlagreinum "Bikarmeistari karla í frjálsíþróttum".

6. gr.

Núverandi 9. gr. fellur niður, 10. gr. verður 9. gr.

7. gr.

Núverandi 10.gr. - (óbreytt, en orðið **1. deild** breytist í **Aðal bikar**)

8. gr.

Núverandi grein 11. gr. fellur niður og verður 12. gr. því 10. sbr. 6. gr. þessa frumvarps. Númeraröð annarra greina breytist einnig til samræmis.

Greinargerð

Lagt er til að Bikarkeppni FRÍ verði framkvæmd á einni hátíð og Bikarkeppni í fyrstu og í annari deild verði sameinaðar.

Ekki er hægt að sjá (miðað við nýafstaðið MÍ-aðal sem var á stuttum tíma og áfallalaust) að það lengi verulega tímaseðil að hafa fleiri en einn riðil í hlaupum á Bikar, þar er verið að hugsa um allt upp í tólf lið á Bikar 2006. Sem dæmi má nefna að það voru 9 lið sem tóku þátt í báðum deildum 2005 - 9 lið árið 2004 og 7 lið 2003.

Að mati flm. verðum við að hafa allan varann á hvað varðar útbreiðslu íþróttarinnar og hafa hana spennandi og aðlaðandi fyrir alla - jafnt sem félög, keppnislið, fjölmiðla og áhorfendur.

Þingskjal 18. Hlynur Guðmundsson hafði framsögu.

TILLAGA til þingsályktunar

Flm: Hlynur Guðmundsson

55. frjálsíþróttapeing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2005 samþykkir að beina því til stjórnar FRÍ að efna til útbreiðsluáttaks til allra sveitarfélaga/(grunnskóla) á Íslandi. Vill undirritaður leggja til að beitt verði þeirri hugmyndafræði sem er að baki "Fjör í frjálsum" til þessarar útbreiðslu.

Þingskjal 19. Sigurbjörn Árni Arngrímsson hafði framsögu.

*Tillaga til breytinga
á reglugerð um Meistaramóts Íslands 6*

55. frjálsíþróttaping FRÍ haldið í Reykjavík 24-25. mars samþykkir að taka upp árangurstengda stigakeppni í karla- og kvennaflokki á Meistaramóti Íslands innanhúss. Sex fyrstu í hverri grein skulu telja til stiga sem skulu reiknuð út frá árangri keppenda samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu. Keppt skal í karla- og kvennaflokkum auk heildarstigakeppni.

Rökstuðningur:

Meistaramót Íslands í fullorðinsflokki innanhúss er eina Meistaramótið innanhúss sem utan þar sem ekki er keppt til stiga og ekki eru krýndir Íslandsmeistarar félagsliða. Slíkt stingur nokkuð í stúf við heildarumgjörð keppinnar auk þess sem ankannalegt er að ekki séu útnefndir Íslandsmeistarar í frjálsum íþróttum innanhúss líkt og í öðrum íþróttagreinum þar sem keppt er bæði innanhúss og utan. Á Meistaramóti Íslands ætti að leggja áherslu á góðan árangur og því liggur beint við að tengja stigagjöfina við árangur, þannig eru meiri líkur til þess að iðkendur leggi sig fram í fáum greinum í stað þess að ná miðlungsárangri í mörgum. Þar sem aðstæður eru hinar sömu fyrir allar greinar innanhúss (enginn vindur) liggur beint við að prófa árangurstengda stigakeppni en slík stigakeppni hefur verið mikið í umræðunni undanfarin ár.

F.h. frjálsíþróttaráðs HSP, Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Þingskjal 20. Sigurbjörn Árni Arngrímsson hafði framsögu.

*Tillaga til breytinga
á reglugerð um Meistaramóts Íslands*

55. frjálsíþróttaping FRÍ haldið í Reykjavík 24. - 25. mars samþykkir að taka upp stigakeppni í karla- og kvennaflokki á Meistaramóti Íslands utanhúss ásamt heildarstigakeppninni sem nú er við lýði.

Rökstuðningur:

Keppt hefur verið í heildarstigakeppni á Meistaramóti Íslands í nokkur ár en óvissa virðist ríkja um hvort sérstök stigakeppni fari fram karla- og kvennaflokkum. Eðlilegast er að krýna Íslandsmeistara félagsliða karla og Íslandsmeistara félagsliða kvenna eins og gert er í öðrum íþróttagreinum auk þess að krýna Íslandsmeistara félagsliða í heildarstigakeppninni. Sum íþróttafélög geta verið með sterkt karla- eða kvennalið þó svo að lið þeirra af hinu kyninu sé veikt og eðlilegt er að þau njóti styrkleika síns. Þetta myndi einnig skapa meiri spennu í keppninni því í raun eru um þrjár keppnir að ræða og líkur eru á að þáttakendum myndi fjölga ef þeir sjá að þáttaka þeirra getur skipt sköpum fyrir lið þeirra.

F.h. frjálsíþróttaráðs HSP, Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Þingskjal 27. Sigurbjörn Árni Arngrímsson hafði framsögu.

*Tillaga til breytinga
á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ*

55. frjálsíþróttaping FRÍ haldið í Reykjavík 24. - 25. mars samþykkir að taka upp bikarkeppni í karla- og kvennaflokki auk heildarstigakeppni innanhúss.

Rökstuðningur:

Innanhússtímabilið er stutt og í ekki mikið um keppnir fyrir fólk í meistaraflokki (MÍ, stórmót ÍR, Reykjavíkurleikar). Bikarkeppni í mars myndi lengja keppnistímabilið. Auk þess er bikarkeppni FRÍ

utanhúss ein vinsælasta frjálsíþróttakeppni landsins og því ekki úr vegi að reyna skapa sömu vinsældir fyrir íþróttina innanhúss. Auk þess myndi bikarkeppni innahúss í mars hugsanlega lengja opnunartíma nýju frjálsíþróttahallarinnar yfir vetrartímann (fyrir frjálsíþróttir) því færri dagar yrðu eftir fyrir sýningar og árshátíðir.

F.h. frjálsíþróttaráðs HSP, Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Þingskjal 21. Fríða Rún Þórðardóttir hafði framsögu.

*Tillaga til breytinga
á reglum FRÍ um Bikarkeppni*

Flm. Fríða Rún Þórðardóttir f.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR

Ný grein um Bikarkeppni innanhúss hljóði svo:

Bikarkeppni FRÍ innanhúss:

- Bikarkeppni FRÍ innanhúss skal haldin árlega.
- Tímasetning skal ákvörðuð af þingi eða stjórn FRÍ.
- Keppnisrétt eiga þau sex sem urðu í sex efstu sætunum í Bikarkeppni FRÍ (heildarstigakeppni) utanhúss sumarið á undan.
- Keppnisgreinar eru í karla- og kvennaflokki: 60m, 60mgr, 200m, 800m, 1500m, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x400m boðhlaup.
- Keppnin fer fram á einum degi og má hver keppandi ekki taka þátt í fleiri en tveimur greinum auk boðhlaups.
- Stigagjöf skal svo háttað að fyrir 1. sæti hlítur félag viðkomandi keppanda 6 stig, 5 stig fyrir 2. sætið o.s.frv.
Að öðru leiti gilda reglur FRÍ um sambærilega keppni.

Þingskjal 22. Fríða Rún Þórðardóttir hafði framsögu.

*Tillaga til breytinga
að reglum FRÍ um Meistaramót Íslands innanhúss,*

Flm. Fríða Rún Þórðardóttir f.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR

Breyting á reglugerð um Meistaramót Íslands innanhúss hljóði svo:

Meistaramót Íslands innanhúss:

- Keppnisgreinar eru í karla- og kvennaflokki: 60m, 60mgr, **200m**, 800m, 1500m, 3000m, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x400m boðhlaup.

Þingskjal 23. Fríða Rún Þórðardóttir hafði framsögu.

*Tillaga til breytinga
að reglum FRÍ um Meistaramót Íslands innanhúss, 15-22 ára*

Flm. Fríða Rún Þórðardóttir, f.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR

1. gr.

Keppnisgreinar í aldursflokkum 15-16 ára verði sem hér segir:

Keppnisgreinar eru í flokkum 15-16 ára: 60m, 60mgr, **200m**, 800m, 1500m, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og **4x200m boðhlaup**.

Keppni í 3000m hlaupi felld út.

2. gr.

Keppnisgreinar í aldursflokkum 17-19 ára verði sem hér segir:

Keppnisgreinar eru í flokkum 17-19 ára: 60m, 60mgr, **200m**, 800m, 1500m, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og **4x200m boðhlaup**.

Keppni í 3000m hlaupi felld út.

3. gr.

Keppnisgreinar í aldursflokkum 19-22 ára verði sem hér segir:

Keppnisgreinar eru í flokkum 19-22 ára: 60m, 60mgr, **200m**, 800m, 1500m, 3000m, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og **4x400m boðhlaup**.

Þingskjal 24. Fríða Rún Þórðardóttir hafði framsögu.

*Tillaga til breytinga
að reglum FRÍ um Meistaramót Íslands innanhúss 12-14 ára*

Flm. Fríða Rún Þórðardóttir, f.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR

xx. gr. hljóði svo.

Meistaramót 12-14 ára innanhúss:

- Hlaupin verði bein úrslit að loknum undanrásum í 60m hlaupum í stað undanúrslita og síðan úrslitahlaups.

Þingskjal 25. Arnþór Sigurðsson hafði framsögu.

*Breytingartillaga
á reglugerð um skráningargjöld móta*

Flm. Arnþór Sigurðsson, Trausti Sveinbjörnsson og Óskar Thorarensen.

Frjálsíþróttatæping haldið í Reykjavík 24. og 25. mars samþykkir breytingu á 2. grein reglugerðar um keppnisgjöld sem tók gildi 1. janúar 2000 og jafnframt að sérstök reglugerð um keppnisgjöld í öldungaflokkum verði felld niður.

Breytingartillagan hljóðar þannig:

Breytt 2. grein hljóðist því svo:

Skráningargjald verður kr. 1.000 á grein í flokki 15 ára og eldri. Skráningargjöld vegna boðhlaupa verða kr. 2.000 á hverja sveit. Skráningargjöld fyrir einstakling í fjölþrautarkeppni verður kr. 5.000. Skráningargjöld í lið í Bikarkeppni FRÍ 1. deild verður kr. 25.000.

Gjöld vegna einstaklinga og boðhlaupa á mót fyrir 14 ára og yngri og í öldungaflokkum verður kr. 500 á einstakling og kr. 1.000 á boðhlaup.

Þingskjal 26. Stefán Halldórsson hafði framsögu.

*Nýskipan stjórnar FRÍ
Lagt fram til kynningar á 55. frjálsíþróttþingi FRÍ*

Stjórn FRÍ

Lagt er til að kosning til stjórnar verði óbreytt, þ.e. fimm aðalmenn og fimm varamenn, formaður kosinn sérstaklega og aðrir skipti með sér verkum.

Lagt er til að leitað verði eftir framboðum með eftirfarandi í huga:

Aðalmenn komi allir frá Suðvesturhorninu, að meðtöldum UMSB og HSK. Aðalmenn eigi að jafnaði ekki meira en 1 klst akstur hvora leið til að sækja stjórnarfund og geti því sótt fundi á kvöldin án þess að samgöngur hamli.

Við kjör varamanna verði þess gætt að landsbyggðin eigi a.m.k. fjóra fulltrúa í stjórn og varastjórn sem komi frá Suður-, Austur-, Norður- og Vesturlandi.

Líkleg skipan samkvæmt þessu væri sú að fimm stjórnarmenn og einn varamaður kæmu frá Stór-Reykjavíkursvæðinu, en hinir fjórir varamennirnir kæmu utan af landi.

Hlutverk aðalstjórnar verði fyrst og fremst rekstrarlegt, þ.e. að sjá til þess að í reglubundnum störfum sambandsins sé unnið samkvæmt þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið á frjálsíþróttþingi eða á stefnumarkandi stjórnarfundum. Jafnframt starfi aðalmenn í nefndum.

Hlutverk varamanna verði að taka þátt í stefnumarkandi stjórnarfundum, starfa í nefndum og að efla tengsl landsbyggðar við höfuðborgarsvæðið.

Hér á eftir verða notuð hugtökin stór stjórn um stjórnarfund sem allir 10 sækja en lítil stjórn um fund sem 3-5 aðalmenn sækja.

Stór stjórn fundi 4-6 sinnum á ári (á 2ja-3ja mánaða fresti). Fundirnir standi lungann úr degi, eftir því hvernig best hentar með samgöngur þeirra sem koma utan af landi. Fundur gæti t.d. staðið frá kl. 11 til 16 á laugardegi eða sunnudegi og fulltrúar að norðan og austan þannig náð að fljúga suður að morgni dags og heim að kvöldi. Þessir fundir verði undirbúnir vel, fundargögn verði send út með nægum fyrirvara til að fundarmenn geti farið yfir þau, eftir atvikum átt samráð við sitt bakland, og síðan komið undirbúnir og tilbúnir til að taka afstöðu og afgreiða mál.

Á dagskrá verði stefnumarkandi málefni, s.s.

- rekstrar- og starfsáætlanir, bæði samþykkt þeirra og eftirlit
- megindrættir í mótahaldi
- meginlínur um keppnisferðir, lágmörk, val keppenda, þjálfara og fararstjóra
- endurskoðun og þróun meginreglna, s.s. laga, reglugerða,
- skipulag og þróun á sviði þjálfunar, dómgæslu, búnaðar, aðstöðu

Eftir að línur hafa verið lagðar með þessum hætti kemur það í hlut framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna FRÍ að framkvæma þær, með stuðningi og samþykki lítillar stjórnar eftir því sem við á. Jafnframt verði skipaðar fimm fastanefndir sem hafi það hlutverk að taka til meðferðar fasta liði á sínu sviði eða erindi sem þangað er vísað:

- **Íþrótt- og afreksnefnd:** Gerir tillögur um lágmörk, mót sem stefnt skuli á, velur landslið, keppendur á önnur mót, þjálfara, fararstjóra, og gerir aðrar tillögur á þessu sviði.

- **Skráningarnefnd:** Hefur umsjón með skráningu afreka, gagnagrunni hreyfingarinnar, birtingu afrekaskrár, þróun mótaforrits og tengdum málefnum.
- **Tækninefnd:** Hefur umsjón með keppnisreglum, dómaraþjálfun og skipun yfirdómara, lyfjamálum og tengdum málefnum.
- **Laganefnd:** Fjallar um álitamál sem lúta að lögum, reglugerðum o.þ.h.
- **Markaðsnefnd:** Fæst við fjáröflunarmál íþróttagreinarnarinnar og sambandsins og kynningarmál sem þessu tengjast, s.s. blaðaútgáfu, Merkisbera o.fl.

Þessar nefndir eiga að vera það virkar að lítil stjórn eigi ekki að þurfa að taka margar ákvarðanir á þeirra sviði. Algengasta afgreiðslan á að vera sú að niðurstöður þeirra eða tillögur hljóti staðfestingu framkvæmdastjóra eða lítillar stjórnar og sjaldan eigi að þurfa að taka tillögurnar til frekari umfjöllunar.

Lítill stjórn fundi á 2ja til 4ra vikna fresti. A.m.k. þrjú stjórnarmenn verða að mæta til að unnt sé að afgreiða mál. Ef veigamikil mál þarfnast skjótrar afgreiðslu skal þó leggja áherslu á að ná fimm stjórnarmönnum, ef kostur er, og kalla þá inn varamann af Stór-Reykjavíkursvæðinu ef með þarf.

Á dagskrá verði afgreiðslumál, s.s.:

- fjárútlát utan við almenna rekstraráætlun
- samskipti við íþróttahreyfinguna og stjórnvöld
- undirbúningur næstu viðburða og verkefna sambandsins
- innsend erindi
- undirbúningur stórra stjórnarfunda
- afgreiðsla tillagna frá nefndum, ef þörf krefur
- málefni sem framkvæmdastjóri ber upp

Fundirnir eiga að vera stuttir, 45-60 mín., t.d. í hádegi eða strax eftir vinnu. Ekki er nauðsynlegt að formaður sitji þá alla, heldur skiptist stjórnarmenn á eftir þörfum, til að dreifa álagi.

Jafnframt þessu verði áhersla lögð á að efla ákvörðunartöku framkvæmdastjóra og annarra fastra starfsmanna, launaðra eða ólaunaðra eftir því sem við á. Ef allt er að virka rétt eiga þeir að hafa fengið skýra stefnu frá þingi eða stórrí stjórn, hafa fastanefndir sér til aðstoðar í þeim málaflokkum sem stöðugt eru í gangi og geta leitað til lítillar stjórnar til að taka ákvarðanir um ýmis tilfallandi málefni.

Formaður verður vegna stöðu sinnar jafnan með ýmis samskipti við stjórnvöld og íþróttahreyfinguna, innanlands og utan, á sinni könnu, en getur þó falið öðrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra að koma að slíkum málum ef það hentar.

Með þessum hætti verður valddreifing aukin, greint betur á milli stefnumarkandi ákvarðana og daglegar úrvinnslu og aðal- og varamönnum gefinn meiri tími til að vinna að því að efla starf sambandsins og auka veg frjálsíþróttar.

Þingskjal 28. Jónas Egilsson hafði framsögu.

Skýrsla nefndar um endurskoðun mótahalds

Flutningsmaður benti á að skjalið væri ekki til samþykktar eða synjunar á þinginu heldur þurfi að hafa það til hliðsjónar í umræðum í nefndum.

Þingskjal 4. Egill Eiðsson, frkvstj. FRÍ, hafði framsögu.

Drög að mótaskrá 2006

<u>Dags.</u>	<u>Mót.</u>	<u>Staður:</u>	<u>Mótsh.</u>
<u>Janúar:</u>			
28-29.jan.	Stórmót ÍR	Reykjavík	ÍR
28.jan.	Vígslumót Laugardalshallar	Reykjavík	FÍRR/FRÍ
<u>Febrúar:</u>			
04-05.febr.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	Á
11-12.febr.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	Bblik
11-12.febr.	MÍ öldunga	Reykjavík	Fjölnir
18-19.febr.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	ÍR
25-26.febr.	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	FH
<u>Mars:</u>			
10-12.mars	HM innanhúss	Moskvu	Rússlandi
18-19.mars	6. Vetrarkastmót EAA	Tel Aviv	Ísrael
<u>Apríl:</u>			
01-02.apríl	HM í víðavangshlaupi	Fukuoka	Japan
<u>Maí:</u>			
25. maí	Nordic Challenge í 10000m	Kópavogur	Bblik/FRÍ
<u>Júní:</u>			
03-04.júní	MÍ í fjölþrautum og lengri boðhl.	Egilsstaðir	UÍA
17-18.júní	Evrópubikarkeppnin	Banska Bistrica	Slóvakíu
17-18.júní	NM í fjölþrautum unglunga	Moss	Noregi
23-25.júní	Stórmót Gogga Galvaska	Mosfellsbær	UMFA
<u>Júlí:</u>			
01-02.júlí	Evrópubikark. í fjölþrautum	Monzon	Spáni
07-09.júlí	Gautaborgarleikarnir	Gautaborg	Svíþjóð
22-23.júlí	MÍ 15-22 ára	Kópavogur	Bblik
29-30.júlí	Meistaramót Íslands	Reykjavík	Á
<u>Ágúst:</u>			
04-06.ág.	Unglingalandsmót UMFÍ	Laugum	HSP
08-13.ág.	Evrópumeistaramótið	Gautaborg	Svíþjóð
12-13.ág.	MÍ öldunga	Reykjavík	ÍR
15-20.ág.	HM unglunga 19 ára og yngri	Peking	Kína
16-17.ág.	Bikarkeppni FRÍ, 1. deild	1. deild utan RVK	
19-20.ág.	MÍ 12-14 ára	Sauðárkrúkur	UMSS
19-20.ág.	NM 20-22 ára og yngri	Árósum	Danmörku
19. ág.	Reykjavíkumaraþon		ÍBR
26.ág.	Bikarkeppni FRÍ, 2. deild		
<u>September:</u>			
02. sept.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri	Reykjavík	Fjölnir
02-03.sept.	NM 19 ára og yngri	Eskilstuna	Svíþjóð
<u>Október:</u>			
14. okt.	Víðavangshlaup Íslands	Hafnarfjörður	FH
<u>Nóvember:</u>			
11. nóv.	NM í Víðavangshlaupum	Fredrikstad	Noregi

Ath. Lausar helgar/sumar: 10. - 11. júní, 15.-16. júlí og 09. - 10. sept.

Yfir 100 unglingar frá mörgum félögum stefna að þátttöku í Gautaborgarleikunum.

Hugsanleg röskun vegna byggingaframkvæmda á Laugardalsvelli.

Drög að mótaskrá 2007

Dagssetn.	Mót	Staður	Mótsh.
Janúar:			
27-28.jan.	Stórmót ÍR	Reykjavík	ÍR
Febrúar:			
03-04.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	
10-11.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	
10-11.feb.	MÍ öldunga	Reykjavík	
17-18.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	
24. feb.	Bikarkeppni FRÍ	Reykjavík	
Mars:			
03-04.mars	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	
02-04.mars	EM innanhúss	Birmingham	Bretland
10-11.mars	7. Vetrarkastmót EAA	óstaðsett	
Apríl:			
	EM í víðavangshlaupi	óstaðsett	
Maí:			
	NM í 10.000m hlaupum	óstaðsett	
Júní:			
02-03.júní	MÍ í fjölþrautum og lengri boðhl.		
16-17.júní	NM í fjölþrautum unglunga	óstaðsett	
23-24.júní	Evrópubikarkeppnin	óstaðsett	
22-24.júní	Stórmót Gogga Galvaska	Mosfellsbær	UMFA
Júlí:			
05-08.júlí	Landsmót UMFÍ	Kópavogi	UMSK
07-08.júlí	Evrópubikark. í fjölþrautum	óstaðsett	
06-08.júlí	Gautaborgarleikarnir	Gautaborg	Svíþjóð
11-15.júlí	HM 17 ára og yngri	Ostrava	Tékkósl.
12-15.júlí	EM 20-22 ára	Debrecen	Ungverjal.
19-22.júlí	EM 19 ára og yngri	Hengelo	Hollandi
23-27.júlí	Ólympíuhátíð E-æskunnar	Belgrade	SCG
28-29.júlí	Meistaramót Íslands		
Ágúst:			
03-05.ág.	Unglingalandsmót UMFÍ	Höfn	USÚ
10-11.ág.	Bikarkeppni FRÍ	Reykjavík	
18-19.ág.	MÍ 12-14 ára		
25-26.ág.	MÍ 15-22 ára		
25-02.sept.	HM	Osaka	Japan
September:			
01. sept.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri		
01-02.sept.	MÍ öldunga		
01-02.sept.	NM 19 ára og yngri		
Október:			
13. okt.	Víðavangshlaup Íslands		
Nóvember:			
10. nóv.	NM í Víðavangshlaupum	óstaðsett	

Drög að mótaskrá 2008 (innan húss).

Dags.	Mót.	Staður:	Mótsh.
Janúar:			
26-27.jan.	Stórmót ÍR	Reykjavík	ÍR
Febrúar:			
02-03.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	
09-10.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	
09-10.feb.	MÍ öldunga	Reykjavík	
16-17.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	
23.feb.	Bikarkeppni FRÍ	Reykjavík	
Mars:			
02-03.mars	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	
	NM öldunga	Reykjavík	
	HM innan húss	óstaðsett	
	8. Vetrarkastmót EAA	óstaðsett	

Áætlun um mótahald 2006 til 2010

A. Meistaramót Íslands, innan húss

2006 til 2010

Mót:	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
MÍ aðalhluti	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann
MÍ 15-22 ára	Bblik	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik	FH
MÍ 12-14 ára	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik
MÍ í fjölþrautum	ÍR	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir
MÍ öldunga	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bblik	FH	Ármann	ÍR

B. Meistaramót Íslands og Bikarkeppnir, utanhúss

2006 til 2010

Mót:	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
MÍ aðalhluti	Fjöltnir	UÍA	Ármann	UMSS	ÍR	FH	Fjöltnir
Bikarkeppni FRÍ	FH	ÍR	Utan	RVK	Utan	RVK	Utan
Bikarkeppni 16 ára	UMSB	HSK	RVK	RVK	RVK	RVK	RVK
MÍ 12-14 ára	ÍR	FH	Fjöltnir	ÍR	UMSS	HSP	UMSB
MÍ 15-22 ára	HSK	UMSS	UMSS	USVS	Ármann	HSK	Bblik
MÍ í fjölþrautum	Ármann	UMSS	Bblik	HSP	UMSB	UÍA	ÍR
MÍ í Víðavangshl.	UÍA	ÍR	UÍA	FH	Bblik	HSK	UMSS
			FH	HSK	Fjöltnir	UMFA	Ármann

Aðrar tillögur

Engar tillögur voru bornar upp undir þessum lið.

Nefndarstörf

Laugardagur 25. mars

Framhald nefndarstarfa

Kynning á Merkisberaverkefni FRÍ

Guðmundur Kristinsson kynnti verkefnið og sagði stjórn FRÍ óvenju framsækna með því að setja þetta verkefni af stað. Hrósaði vinnuhópnum fyrir vel unnin störf og hvatti til að hann kæmi áfram að framkvæmd þess. Bréf hafa verið send til 20 þúsund aðila. Sigurbjörn Árni benti á að miklir möguleikar á kynningu séu í tengslum við fyrirtækjamót sem ÍR stendur fyrir um næstu helgi.

Hlynur Guðmundsson spurði um hugsanlegan fjölda á árs hátíð.

Felix spurði um hvenær vefurinn verði til.

Guðmundur svaraði því til að það yrði bráðlega.

Felix benti á að hlaup.is væri í gangi og höfðaði til svipaðs hóps og merkisberaverkefnið.

Sigurbjörn Árni lagði til að komið yrði upp forgjafarkerfi í almenningshlaupum til að hafa á vefsíðunni.

Guðmundur sagði sjálfsagt að gera það.

Spurt var hvort viðskiptavinir LÍ þurfi með þátttöku í verkefninu að hafa eitt kort í viðbót og einnig hvort borga þyrfti árgjald af kortinu eftir fyrsta árið.

Guðmundur sagði árgjaldið venjulegt eftir árið en notaði tækifærið til að árétta hversu góð viðskiptahugmynd fælist í þessu verkefni..

Engilbert Olgeirsson vildi leggja áherslu á að þetta þurfi fyrst og fremst að vera félagsskapur.

Guðmundur tók undir það.

Nefndaálit

Laganefnd

Þingskjal 5. Engin breyting lögð til.

Þingskjal 6. Engin breyting lögð til. Lagt til að eftirfarandi verði kosnir í nefndina: Jónas Egilsson , Óskar Thorarensen og Guðmundur Sigurðsson.

Þingskjal 7. Engin breyting lögð til.

Þingskjal 8. Lagt til að fresta afgreiðslu þar til álit fjárhagsnefndar liggur fyrir.

Þingskjal 15. Nefndin leggur til að felldar verði út 2. og 3. málsgrein úr 2. grein. Og hljóði tillagan þá eftirfarandi:

Samþykkt um reglugerð FRÍ um Garpsmerki,

1. gr.

Núverandi reglugerð um Garpsmerki FRÍ verði felld niður.

2. gr.

Stjórn FRÍ verði falið að skipa sérstaka nefnd sem skili tillögum fyrir næsta þing um nýtt heiðursmerki fyrir einstaka afreksmenn sem hafa náð langt á alþjóðlegum mælikvarða.

Lagt er til að kosin verði sérstök ráðgjafanefnd reyndra einstaklinga sem geri tillögur til stjórnar FRÍ um viðtakendur. Viðurkenningin verði afhent þegar stjórn FRÍ þykir henta og skv. tillögum ráðgjafanefndarinnar.

Skýringar

Reglugerð um garpsmerki er gömul að stofni til þó einhverjar breytingar hafi verið gerðar á reglugerðinni í síðari tíð. Garpsmerki hafa ekki verið afhent í langan tíma og þá hefur ekki verið haldið sérstaklega utan um garpsmerkjastig og hverjir hafa unnið til garpsmerkja.

Hins vegar skortir sérstaka viðurkenningu til handa afreksfólki, sem annaðhvort hefur átt langan og farsælan keppnisferil að baki eða náð góðum árangri á erlendum vettvangi. Í huga eru mót eins og

Ólympíuleikar, Heimsmeistaramót, Evrópumeistaramót, Stigamót IAAF og EAA, bandarísk háskólamót (NCAA) o.fl.

Haustið 2000 ákvað stjórn FRÍ að heiðra sérstaklega Vilhjálm Einarsson og Völu Flosadóttur sem hafa unnið til verðlauna á Ólympíukeikum. Eins hafa ýmsir keppendur náð mjög langt á HM og fleiri mótum, unnið til sigra eða unnið frækileg afrek á ýmsum mótum.

Það gæti orðið ýmsum ungum íþróttamönnum hvatning og fordæmi ef farið yrði að gera okkar afreksfólki sérstök skil og athygli dregin að afrekum þess, auk þess sem afreksfólkið á það inni hjá hreyfingunni að framlag þeirra verði metið að verðleikum.

Þingskjal 16. Nefndin lagði til viðbót við 1. grein og að 6. grein verði bætt við. Hvoru tveggja er skáletrað hér að neðan.

Samþykkt til breytinga á Reglugerð FRÍ um Meistaramót Íslands og Víðavangshlaup Íslands,

1. gr.

1.1.1.1. Felld verði niður lágmark á öllum meistaramótum. Skv. því verði greinar 2.1.4.2, 2.1.5.2., 2.1.6.2 og útlísta lágmarka í gr. 5.1. felld niður.

Ekki eru takmörk á þátttakendafjölda frá einstökum félögum, en mótshaldari getur ákveðið lágmark í einstökum keppnisgreinum með samþykki stjórnar FRÍ. Skal sú ákvörðun vera tilkynnt samhlíða boðun mótsins.

2. gr.

Ákvæði í gr. 3.5 “Ekki er keppt til stiga á Öldungamóti” falli niður.

3. gr.

Viðbótar ml. við gr. 3.5. “Stigakeppnin nær til 1. og 2. hluta MÍ, ekki annarra hluta” skv. 2. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Ný grein 2.2.6. hljóðist svo:

Þáttaka á Meistaramótum öldunga skal vera opin einstaklingum sem ekki eru skráðir í íþróttafélög innan ÍSÍ. Skulu þessir þátttakendur greiða þáttökugjöld. Einnig skulu lið þessara keppenda vera gjaldgeng til stigaverðlauna eins og lið annarra þátttakenda.

5. gr.

Nýr ml. bætist við 1. gr. Reglugerð um Víðavangshlaup Íslands:

Þáttaka í Víðavangshlaupi Íslands skal vera opin einstaklingum sem ekki eru skráðir í íþróttafélög innan ÍSÍ. Skulu þessir þátttakendur greiða þáttökugjöld og vera gjaldgengir til stigaverðlauna eins og aðrir þátttakendur.

6. gr.

MÍ 12-14 ára utanhúss, lagt til að eftirfarið verði samþykkt:

Þrátt fyrir almenn ákvæði um þjófstörk er keppendum í aldursflokkum 14 ára og yngri heimilað eitt þjófstart hverjum.

Skýringar

Um 1. gr. Ekki er talin þörf á þessum lágmarkum og ekki hefur verið farið eftir þessum lágmarkum í langan tíma. Í framkvæmd hefur undankeppni árdegis báða keppnisdaga MÍ leyst skipulagsvanda sem hefur stafað af “of mörgum” keppendum í einstökum greinum. Þessi tillaga er í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun mótahalds.

Um 2. gr. Stigakeppni hefur farið fram á MÍ öldunga, þrátt fyrir ákv. um að það skuli ekki. Í ljósi þessa er lagt til að ákvæðið falli niður.

Um 3. gr. Til áhersluauka, ekki efnisleg breyting.

Um 4. og 5. gr. Lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna og áherslna FRÍ. Nauðsynlegt er að opna og auka við fjölda keppenda og gera þeim auðveldara að taka þátt í þessum mótum. Þessi tillaga er í samræmi við þá stefnu að víkka út hefðbundna skilgreiningu á frjálsíþróttum og styrkja íþróttina almennt.

Þingskjal 17. Laganefndin leggur til að tillögunni verði vísað frá. Þá leggur laganefndin til að skipuð verði nefnd til að taka út Bikarkeppni FRÍ í heild sinni. Lagt er til að framkvæmdarstjóri FRÍ boði fulltrúa þeirra liða sem kepptu í Bikarkeppni FRÍ (1. og 2. deild) á síðasta ári til fundar og á þeim fundi skal skipa 5 manna nefnd til áframhaldandi vinnu. Mælt er til þess að flutningsmaður þingskjals nr. 17 verði fulltrúi í þeirri nefnd.

Þingsköl 19, 22, 23 og 24. Nefndin leggur til að sameina þær allar. Þingskjal 19 fari í gr. 3.5. Þingskjal 23 er inni í kafla 2.3. Nefndin leggur til að 400 m hl. verði bætt í þingskjal 22.

(Endanleg tillaga með viðbótabreytingum þingsins er birt undir liðnum *Afgreiðsla tillagna laganefndar* á bls. 28-31.)

Þingskjal 21. Nefndin lagði til að 400 m hl. yrði bætt við keppnisgreinarnar. Þingskjalið eins og það var endanlega samþykkt er birt á bls. 31.

Umræður um tillögur laganefndar.

Stefán Halldórsson spurði um stigakeppni varðandi meistaramót Íslands, gr. 4.6 og 4.7. Hann kvaðst ekki sjá hvort um breyttan fjölda bikara verður að ræða. Einnig spurði hann um hvort A og B lið séu bæði inni í stigakeppisútreikningum?

Dóra benti á að það vantar að taka á fatnaði keppenda í reglugerðum. Óskaði hún eftir að reglur um klæðnað verði teknar inn í reglugerðir.

Sigurbjörn Árni sagði vægi spretthlaupa orðið of mikið í bikarkeppninni innanhúss (þingskjal 21). Hann lagði ram breytingartillögu þess efnis að 400 m hlaup falli út og til vara að boðhlaupi verði breytt í blöndu sprett- og millivegalengdahlaupa.

Hlynur Guðmundsson spurði hvort reiknað væri með ótakmörkuðum fjölda liða í bikarkeppninni innanhúss?

Sigurður Haraldsson svaraði fyrir hönd laganefndar. Sagði hann að keppt verði í kvennaflokki, karlaflokki og samanlögðu. Hann kvaðst sammála Dóru um að skylda keppendur til að klæðast félagsbúningum á meistaramótum og í bikarkeppni. Varðandi stigakeppni í bikarkeppni sagði hann að ef tvö lið frá sama félagi taki þátt þá verði þau skilgreind eins og í bikarkeppni 16 ára og yngri.

Afgreiðsla tillagna laganefndar

Þingskjal 5. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 6. Samþykkt samhljóða. Tillaga nefndarinnar um aðila í nefndina samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7. Frestað þar til álit fjárhagsnefndar liggur fyrir.

Þingskjal 8. Frestað þar til álit alsherjarnefndar liggur fyrir.

Þingskjal 15. Breyting á 1. gr. samþykkt samhljóða. Tillaga um ný merki samþykkt samhljóða.

Þingskjal 16. Allar breytingartillögur nefndarinnar samþykktar samhljóða.

Þingskjal 17. Tillaga um að tillögunni verði vísað frá samþykkt samhljóða. Tillaga nefndarinnar um að nefnd verði skipuð til að gera heildarúttekt á Bikarkeppni FRÍ samþykkt samhljóða.

Þingskjal 19, 22, 23 og 24. Leggur til að sameina þær í eina reglugerð. Lokakafli gr. 5.3 um fatnað hljóði þannig:

Mælt skal til þess að keppendur keppi í félagsbúningi í yngri flokkum. Í flokkum 15 ára og eldri skulu keppendur keppa í félagsbúningi.

Breyting samþykkt samhljóða.

Tillaga um að fella burt orðið *sama* í gr. 3.3.2.6. var samþykkt samhljóða.

Öll reglugerðin samþykkt samhljóða og er hún þá eftirfarandi:

Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss

2. Frjálsíþróttasamband Íslands sér um að úthluta Meistaramótum Íslands, innanhúss.
 - 2.1. FRÍ getur falið einstökum félögum og/eða sambandsaðilum að sjá um framkvæmd mótanna. Skulu viðkomandi félag eða sambandsaðili og FRÍ gera með sér sérstakan samning um framkvæmd keppinnar í samræmi við reglur um framkvæmd móta á vegum FRÍ.
 - 2.2. FRÍ á allan sjónvarpsrétt og auglýsingarétt, en getur framselt hann til þess sem er úthlutað mótunum til framkvæmdar, samkvæmt samningi um mótahaldið.
 - 2.3. FRÍ getur aldrei skuldbundið sig fjárhagslega vegna Meistaramóts Íslands, innanhúss.
 - 2.4. FRÍ skal skipa eftirlitsmenn um framkvæmd á Meistaramóti Íslands, innanhúss og skulu þeir gefa stjórn FRÍ skýrslu eigi síðar en tveimur vikum eftir að mótið fór fram.
 - 2.5. Skráningarfræstur til keppni skal vera fjórir dagar fyrir keppnisdag. Mótshaldari getur leyft skráningar allt að 24 klukkustundir fyrir upphaf móts gegn þreföldu skráningargjaldi fyrir viðkomandi keppanda.
3. **Meistaramót Íslands, innanhúss** í frjálsum íþróttum skal fara fram árlega og skiptist í eftirfarandi hluta:
 - 3.1. Meistaramót Íslands, innanhúss í karla- og kvennaflokki, fer fram í tveimur hlutum.
 - 3.1.1. Aðalhluti.
 - 3.1.1.1. Keppnin fer fram á tveimur samliggjandi dögum.
 - 3.1.1.2. Keppnisgreinar
Fyrri dagur:

Karlar: 60 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp.
Konur: 60 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, langstökk, hástökk kúluvarp.

Seinni dagur:

Karlar: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, langstökk, hástökk, 4×400 m boðhlaup.
Konur: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, þrístökk, stangarstökk, 4×400 m boðhlaup.
Auk þess er mótshaldara, í samráði við stjórn FRÍ, heimilt að halda keppni í lóðkasti.
 - 3.1.1.3. Þá daga sem Meistaramót Íslands innanhúss, aðalhluti fer fram, má ekki halda né standa að annarri frjálsíþróttakeppni nema með sérstöku leyfi stjórnar FRÍ.
 - 3.1.1.4. Keppt skal til stiga á milli félaga í karla- og kvennaflokki, skv. grein 3.5.
 - 3.1.1.5. Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða í karla- og kvennaflokki, þannig að lögð eru saman stig í karla og kvennaflokki
 - 3.1.2. Fjölþrautir, innanhúss.
 - 3.1.2.1. Keppnin fer fram á tveimur samliggjandi dögum.
 - 3.1.2.2. Keppnisgreinar: Í karlaflokki sjöþraut og í kvennaflokki í fimmtarþraut.
Fyrri dagur:

Karlar: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp, hástökk.
Seinni dagur:

Karlar: 60 m grindahlaup, stangarstökk, 1000 m hlaup.
Konur: *Konur:* 60 m grindahlaup, hástökk, kúluvarp, langstökk, 800 m hlaup.
 - 3.1.2.3. Keppt skal samkvæmt gildandi stigatöflu fyrir fjölþrautir innanhúss.
 - 3.1.2.4. Samhliða mótinu fer fram keppni í sjöþraut í sveinaflokki og sexþraut í meyjaflokki. Keppt skal með viðeigandi áhöldum í kúluvarpi og í grindahlaupi skal vera viðeigandi bil og hæð á grindum.
 - 3.1.3. Keppni í fjölþrautum innanhúss má framkvæma samhliða öðrum mótum.
 - 3.2. **Meistaramót Öldunga, innanhúss**
 - 3.2.1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
 - 3.2.2. Keppt skal í fimm ára aldursflokkum, samkvæmt reglum IAAF, nema þó sbr. ákv. í gr. 2.2.4.
 - 3.2.3. Yngsti aldursflokkur karla skal vera 35-39 ára.

- 3.2.4. Yngsti aldursflokkur kvenna skal vera 30-34 ára.
- 3.2.5. Keppnisgreinar: Keppt skal í eftirtöldum greinum í karla- og kvennaflokki: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, hástökk, langstökk, stangarstökk og kúluvarp.
- 3.2.6. Öldungaráð FRÍ getur bætt við eða fækkað keppnisgreinum á mótinu ef þurfa þykir. Tilkynning um slíkt þarf að berast FRÍ með minnst 14 daga fyrirvara.
- 3.2.7. Niðurröðun greina á daga fer fram samkvæmt ákvörðun mótshaldrara að höfðu samráði við Öldungaráð.
- 3.2.8. Þátttaka á Meistaramóti öldunga, innanhúss skal vera opin einstaklingum sem ekki eru skráðir í íþróttafélög innan ÍSÍ. Skulu þessir þátttakendur greiða þátttökugjöld. Einnig skulu lið þessara keppenda vera gjaldgeng til stigaverðlauna eins og lið annarra þátttakenda.
- 3.2.9. Á mótinu skal keppt til stiga milli félaga í öllum flokkum, samkvæmt grein 3.6.
- 3.2.10. Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða í Öldungaflokki, þannig að lögð eru saman stig úr öllum flokkum karla og kvenna.

3.3. Unglingameistaramót Íslands, innanhúss

- 3.3.1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
- 3.3.2. Þátttökurétt eiga þeir sem eru 15 til 22 ára, árið sem keppnin fer fram.
 - 3.3.2.1. Keppnisflokkar verða eftirtaldir: Meyja- og sveinaflokkur 15-16 ára, drengja- og stúlknaflokkur 17-18 ára og unglíngaflokkur karla og kvenna 19-22 ára.
 - 3.3.2.2. Í sveina- og meyjaflokki hafa aðeins þeir keppendur sem verða 15 og 16 ára á árinu þátttökurétt.
 - 3.3.2.3. Í drengja- og stúlknaflokki hafa aðeins þeir keppendur sem verða 17 og 18 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.3.2.6..
 - 3.3.2.4. Í unglíngaflokki karla og kvenna hafa aðeins þeir keppendur sem verða 19-22 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.3.2.6..
 - 3.3.2.5. Keppnisgreinar:

Sveinaflokkur og meyjaflokkur: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 1500 m hlaup, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Drengjaflokkur og stúlknaflokkur: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 1500 m hlaup, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Unglíngaflokkur karla og kvenna: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 400 m hlaup, 800 m hlaup, 1500 m hlaup, 3000 m hlaup, hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x400 m boðhlaup.
- Auk þess er mótshaldara, í samráði við stjórn FRÍ, heimilt að halda keppni í lóðkasti í unglíngaflokki karla og kvenna.
- 3.3.2.6. Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupsgrein í sínum flokki. Einnig mega einstaklingar í flokkum sveina, meyjja, drengja og stúlkna keppa í 400 m hlaupi og 3.000 m hlaupi í unglíngaflokki karla og kvenna.
- 3.3.3. Á mótinu skal keppt til stiga milli félaga í öllum flokkum, samkvæmt grein 3.6.
- 3.3.4. Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða 15-22 ára, þannig að lögð eru saman stig úr flokkum sveina, meyjja, drengja, stúlkna og unglíngaflokka karla og kvenna.

3.4. Meistaramót Íslands 12-14 ára, innanhúss

- 3.4.1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
- 3.4.2. Þátttökurétt eiga þeir sem eru 12 til 14 ára, árið sem keppnin fer fram.
 - 3.4.2.1. Keppnisflokkar verða eftirtaldir: Strákaflokkur 12 ára, stelpnaflokkur 12 ára, piltaflokkur 13 ára, piltaflokkur 14 ára, telpnaflokkur 13 ára og telpnaflokkur 14 ára.
 - 3.4.2.2. Í stráka- og stelpnaflokki hafa aðeins þeir keppendur sem verða 12 ára á árinu þátttökurétt.
 - 3.4.2.3. Í piltaflokki 13 ára og telpnaflokki 13 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 13 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.6..
 - 3.4.2.4. Í piltaflokki 14 ára og telpnaflokki 14 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 14 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.6..
 - 3.4.2.5. Keppnisgreinar:

Strákaflokkur og stelpnaflokkur 12 ára: 60 m hlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Piltaflokkur 13 ára og telpnaflokkur 13 ára: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Piltaflokkur 14 ára og telpnaflokkur 14 ára: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

- 3.4.2.6. Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki. Einnig mega einstaklingar í flokkum stráka og stelpna keppa í 60 m grindahlaupi í flokkum 13 pilta og telpna.
 - 3.4.2.7. Keppendur 12 ára skulu stökkva af eins metra svæði í stað planka í langstökki. Bent er á sérreglur FRÍ í þessu sambandi. Met undir þessum kringumstæðum gilda ekki upp í eldri aldursflokka
 - 3.4.2.8. Þeir keppendur sem ná 8 bestu tímum í undanrásum í 60 m grindahlaupi og 60 m hlaupi taka sæti í úrslitum. Ef fleiri en tveir ná 8 besta tíma skal fara fram umhlaup um laus sæti í úrslitum.
 - 3.4.2.9. Þrátt fyrir almenn ákvæði um þjófstörk er keppendum í aldursflokkum 14 ára og yngri heimilað eitt þjófstart hverjum.
- 3.4.3. Á mótinu skal keppt til stiga milli félaga í öllum flokkum, samkvæmt grein 4.7.
 - 3.4.4. Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða 12-14 ára, þannig að lögð eru saman stig úr flokkum 12 ára stráka og stelpna, 13 ára pilta og telpna og 14 ára pilta og telpna.

4. Verðlaun

- 4.1. Sigurvegari í hverri grein svo og þau félög sem sigrá í boðhlaupum skulu hljóta Íslandsmeistaratign.
- 4.2. FRÍ skal sjá um útgáfu Meistaramótspeninga.
- 4.3. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein, í hverjum flokki.
 - 4.3.1. Fyrsta sæti, Meistaramótspeningur með merki FRÍ – Gull.
 - 4.3.2. Annað sæti, Meistaramótspeningur með merki FRÍ – Silfur.
 - 4.3.3. Þriðja sæti, Meistaramótspeningur með merki FRÍ – Brons.
- 4.4. Einungis íslenskir ríkisborgarar geta unnið til Íslandsmeistaratignar og átt tilkall til verðlauna skv. 3.3. Erlend gestaþátttaka er þó heimil.
- 4.5. Stigakeppni á Meistaramóti Íslands. Fer þannig fram að sex fyrstu í hverri grein skulu telja til stiga sem skulu reiknuð út frá árangri keppenda samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.
- 4.6. Stigakeppni í Unglingameistaramóti Íslands og á Meistaramóti öldunga. Fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 6 stig, annar fær 5 stig o.s.frv., þannig að 6. sæti fær 1 stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.
- 4.7. Stigakeppni á Meistaramóti Íslands 12-14 ára. Fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 10 stig, annar fær 9 stig o.s.frv., þannig að 10. sæti fær 1 stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.

5. Önnur ákvæði

- 5.1. Meistaramót Íslands, innanhúss, skal að öllu öðru leyti en því sem lýst er í greinum 1 - 3 fara fram eftir reglum IAAF, að undanskyldum sérreglum FRÍ um auglýsingar á búningum og aldursákv. í öldungaflokki, sbr. gr. 2.2.4. Langstöcksplanka í flokki 12 ára, sbr. grein 2.4.2.7 og þjófstört í flokkum 12-14 ára, sbr. grein 2.4.2.9.
- 5.2. Ekki eru takmörk á þátttakendafjölda frá einstökum félögum, en mótshaldari getur ákveðið lágmark í einstökum keppnisgreinum með samþykki stjórnar FRÍ. Skal sú ákvörðun vera tilkynnt samhliða boðun mótsins.
- 5.3 *Mælt skal til þess að keppendur keppi í félagsbúningi í yngri flokkum. Í flokkum 15 ára og eldri skulu keppendur keppa í félagsbúningi.*

Þingskjal 20. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 21. Breytingartillaga Sigurbjarnar Árna um að fella út 400m hl. samþykkt með 10 atkv. gegn 8.

Breytingartillaga frá Stefáni Halldórssyni um að breyta félagi í lið er kemur að stigaútreikningi þannig að A-lið sama félags skulu leggjast saman, ekki A og B, var samþykkt samhljóða.

Nýtt þingskjal frá nefndinni með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

Tillaga til breytinga á reglum FRÍ um Bikarkeppni

Bikarkeppni FRÍ innanhúss:

1.grein

Keppnin heitir “Bikarkeppni FRÍ, innanhúss” og skal hún haldin árlega, tímasetning ákvarðast af þingi eða stjórn FRÍ.

2.grein.

Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ. Heimilt er að senda sameiginleg lið tveggja félaga/sambanda eða fleiri til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppninnar í hvorum flokki. Hverju liði er einungis heimilt að senda einn keppanda í hverja keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila. Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 6 greinar í þeim flokki sem þeir taka þátt í. Gestaþátttaka er óheimil.

3.grein.

Heimilt er að senda eingöngu karlalið eða kvennalið til þátttöku á mótinu.

4.grein.

Keppnin skal fara fram á einum degi.

Keppnisgreinar eru (bæði kyn): 60 m hl., 60 m gr.hl., 200 m hl., 800 m hl., 1500 m hl., hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x400 m boðhlaup.

5.grein.

Þegar ljóst er hve mörg félög senda þátttakendur, skal ákvarða stigatölu þannig að fyrsti maður fái jafnmörg stig og þátttökufélögin eru mörg, annar maður einu stigi færri o. s. frv.

6. grein.

Það félag sem flest stig fær hlýtur sæmdarheitið "Bikarmeistari í frjálsíþróttum í karla- og kvennaflokki, innanhúss". Það félag sem flest stig fær í kvennaflokki hlýtur sæmdarheitið: "Bikarmeistari kvenna í frjálsíþróttum, innanhúss." Það félag sem flest stig fær í karlaflokki hlýtur sæmdarheitið: "Bikarmeistari karla í frjálsíþróttum, innanhúss."

7. grein.

Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í grein skulu stig skiptast jafnt á milli þeirra. Ef félögin verða jöfn í stigakeppninni sigrar það félag, sem fleiri hlýtur sigurvegara. Ef þá er enn jafnt skal árangur þeirra reiknaður út eftir gildandi alþjóða stigatöflu og sigrar það félag þá sem hlýtur hærri stigatölu.

8. grein.

Hver þátttakandi á rétt á að keppa í tveimur greinum auk boðhlaups.

9. grein.

Nánari reglur um mótið skulu settar af stjórn FRÍ hverju sinni.

Tillögur frá fjárhagsnefnd

Þingskjal 2 Lagt til að tillaga verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 3

Tillaga að samþykkt um kostnaðarhlutdeild sambandsaðila í landsliðsverkefnum FRÍ

Með breytingum frá Fjárhagsnefnd (undirstrikaðar).

55. frjálsíþróttþing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, samþykkir að frá og með apríl nk., verði innheimtar kr. 4.000 af hverju félagi, vegna hvers þátttakenda þess, sem er valinn í landsliðsferð á vegum FRÍ.

Þessi samþykkt gildi um allar ferðir á vegum sambandsins.

Skýringar

Staða FRÍ er nokkuð sérstök meðal sambærilegra sérsambanda, þar sem það er eina sambandið þar sem ferðir eru íþróttafólkinu því sem næst að kostnaðarlausu og er m.a. vísað í fylgiskjöl með þessari tillögu.

Kostnaður, sem íþróttamenn eða félög þeirra, verða að greiða vegna landsliðsverkefna er að stórum hluta eða öllu, greiddur af íþróttabandalögum og eða sveitarfélögum viðkomandi. Sem þýðir að kostnaður félaganna sjálfra eða einstaklinganna er mun minna en ella.

Staða FRÍ er einfaldlega þannig að ef sambandið á að halda úti starfsemi sem bæði þarf og sambandsaðilar gera kröfu um, er þessi ákvörðun því nauðsynleg. Eins gefur þetta tækifæri fyrir FRÍ að ráða til sín landsliðsþjálfara í aukin störf umfram það sem nú er.

Í samantekt sem fylgir með þessu þingskjali kemur fram að hlutur sérsambanda í utanlandsferðum er mjög mismunandi. Eina almenna reglan er að íþróttamenn greiða stóran hluta ferðakostnaðrins.

Fskj #1 með samþykkt um kostnaðarhlutdeild sambandsaðila í landsliðsverkefnum

Samantekt

um kostnaðarhlutdeild nokkurra sérsambanda vegna keppnisferða landsliðs/unglingalandsliðs erlendis

- SSÍ: Íþróttamenn/félög greiða að jafnaði um 40% af ferðakostnaði.
- SKÍ: Meginregla: SKÍ greiðir fyrir þjálfara og fararstjóra.
Íþróttamenn/félög greiða sinn kostnað sjálf.
- FSÍ: HM, EM, NM og Norður Evrópumótið.
Meginregla: FSÍ greiðir um 30%, auk alls kostnaðar fyrir þjálfara og dómara í ferðum.
Einstaklingar og félög greiða um 70% þátttökukostnaðar íþróttamanna.
- KKÍ: A-landslið: KKÍ greiðir allan kostnað fyrir A-landslið.
Unglingalið: KKÍ greiðir fyrir þjálfara, fararstjóra og uppihald allra.
Íþróttamenn greiða flug.
- BLÍ: A-landslið: BLÍ greiðir fyrir þjálfara og fararstjóra.
Leikmenn/félög greiða sjálf fyrir flug eða u.þb. kr. 30 þús. per þátttakanda. Ef flug er dýrara s.s. ef margir koma utan af landi þá hækkar gjaldið í um kr. 40 þús. á hvern þátttakanda.
- Unglingalið: Fjáröflun: Einstaklingar/félög safna fyrir ferðinni s.s. hver og einn með styrkjum s.s. frá sveitafélögum/fyrirtækjum.
BLÍ ber engan kotnað af þessum ferðum.

Mörg sveitarfélög styrkja félög/íþróttamenn vegna landsliðsferða. Dæmi:

- * Hafnarfjörður: kr. 12.500.- per einstakling
- * Reykjavík: kr. 16.500.- per einstakling
- * Kópavogur: kr. 15.000.- þús. per einstakling
- * Héraðssamb. s.s. UMSK styrkir ferðir á vegum landsliðs um ca. 20% af heildarferðakostnaði.
Lágmark 10 þús. per einstakling.

- * Einstaklingur s.s. í Kópavogi getur því fengið um 25-30þús. endurgreitt vegna ferðar á vegum landsliðs/unglingalandsliðs per. ferð frá sveitarfélagi/héraðssamb.

Þingskjal 8

Tillaga til breytinga á Sérkeppnisreglum FRÍ um lyfjapróf

Með breytingum frá Fjárhagsnefnd (undirstrikaðar)

1. gr.

Til staðfestingar Íslandsmeta fullorðinna skal íþróttamaðurinn undirgangast lyfjapróf í samræmi við reglur Alþjóðafriðsfróttasambandsins (IAAF). Innan við sólarhringur skal líða frá því að met er sett og þar til viðkomandi íþróttamaður undirgengst prófið.

Það er á ábyrgð viðkomandi íþróttamanns, eða íþróttamanna ef um boðhlaup er að ræða, eða félags viðkomandi að próf sé tekið og að tilkynning um met sé rétt skráð og tilkynnt til FRÍ. Þetta gildir þó ekki ef um mót á vegum FRÍ er að ræða. Þar er ábyrgðin FRÍ, sem standi að straumi kostnaði vegna lyfjaprófa.

2. gr.

Þær keppnisgreinar sem krafa er gerð um lyfjapróf á við eru þær sem keppt er í á Ólympíuleikum, Heims- og Evrópumeistaramótum, landskeppnum og alþjóðlegum stigamótum IAAF og EAA, bæði innan og utanhúss. Ef um met í boðhlaupi er að ræða skal a.m.k. einn keppandi úr sveitinni undirgangast prófið. Val skal vera tilviljunarkennt og skal lyfjaeftirlitsaðili viðkomandi móts bera ábyrgð á valinu.

3. gr.

Stjórn FRÍ er heimilt að undaskilja einstaklinga sem hafa sett met, ef innan vika er liðin frá því að viðkomandi íþróttamaður fór síðast í próf.

4. gr.

FRÍ skal tilkynna árlega til IAAF um fjölda lyfjaprófa sem tekin eru á íslensku frjálsíþróttafólki. Eins skal FRÍ tilkynna til IAAF ef um jákvæð próf er að ræða.

Ennfremur ber FRÍ að fara að öðru leyti eftir reglum IAAF um lyfjamál eftir því sem við á.

5. gr.

Þá skal FRÍ vinna í samvinnu við IAAF, EAA og ÍSÍ eftir því sem við á, að kynningu á reglum WADA, IAAF og ÍSÍ um lyfjamál og afleiðingum brota.

Skýringar

Nokkur óvissa hefur verið um hvenær íþróttamaður skuli undirgangast lyfjapróf. Núverandi ákvæði eru 1. mgr. 1. gr. þessa frumvarps.

Ljóst er að ekki gilda sömu skilyrði um allar greinar, t.d. er mikill munur á 300 m hlaup og 400 m hlaupi svo dæmi sé tekið og ekki ástæða til að láta methafa fara í lyfjapróf vegna þess fyrrnefnda, þó svo að hann eða hún yrði að gera það vegna mets í síðarnefndu greininni.

Þá eru dæmi um að met hafi verið bætt með stuttu millibili og ekki undantekningalaus ástæða til að prófa í hvert skipti, enda hæpið að hægt sé bæta árangur með “lyfjagjöf” með stuttu millibili í öllum tilfellum.

FRÍ og ÍSÍ eru skuldbundin reglum WADA (World Anti Doping Agency), en íslenska ríkið hefur undirritað alþjóðlegan sáttmála um að fara að reglum þess. Þetta er gert að kröfu Alþjóða Ólympíunefndarinnar og er skilyrði fyrir þátttöku á alþjóðlegum mótum.

FRÍ hefur ennfremur skuldbindingar gagnvart IAAF sem í sumum tilfellum ganga lengra en reglur WADA. Mjög ítarlegar reglur erum í lagabálkum IAAF um lyfjapróf, framkvæmd þeirra og meðferð mála. Eins eru ákvæði um eftirlitsskyldur gagnvart afreksíþróttafólki og hvað felst í því að missa af prófi utan keppni o.s.frv.

Þingskjal 11 Lagt til að tillaga verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 25*Breytingartillaga á reglugerð um skráningargjöld móta**Með breytingum frá Fjárhagsnefnd (undirstrikaðar)*

Frjálsíþróttabing haldið í Reykjavík 24. og 25. mars samþykkir breytingu á 2. grein reglugerðar um keppnisgjöld sem tók gildi 1. janúar 2000 og jafnframt að sérstök reglugerð um keppnisgjöld í öldungaflokkum verði felld niður.

Breytingartillagan hljóðar þannig:

Breytt 2. grein hljóði því svo:

Skráningargjald verður kr. 1.000 á grein i flokki 19 ára og eldri. Skráningargjöld vegna boðhlaupa verða kr. 2.000 á hverja sveit. Skráningargjöld fyrir einstakling í fjölþrautarkeppni verður kr. 5.000. Skráningargjöld í lið í Bikarkeppni FRÍ 1. deild verður kr. 25.000.

Gjöld vegna einstaklinga og boðhlaupa á mót fyrir 18 ára og yngri og í öldungaflokkum verður kr. 500 á einstakling og kr. 1.000 á boðhlaup.

Hannes Strange hefur framsögu nefndarinnar.

Þingskjal 8. Ein breyting lögð til.

Birgir. Skýrir hvernig lyfjapróf fara fram og hverjir bera kostnað í hverju tilfelli. Leggur til aðstjórn reyni að ná samkomulagi við ÍSÍ um aukna kostnaðarhlutdeild. Bendir á að breytingar á leiðbeiningum varðandi hvað skal prófað fyrir margfaldar kostnað. Hér á landi hefur verið litið minna alvarlegum augum ef ekki næst að framfylgja tímaramma varðandi prófun eftir met. Erfitt við að eiga þegar sami einstaklingur setur ogft met. Vantar að setja reglum um unglunga og um innanhúss. Bendir á hversu mikilvægt er að fara eftir öllum reglum á alþjóðlegum mótum. Reglur er að finn á 4 stöðum. Segist Eggert . Er hægt að taka ynri en 18 ára í próf án samþykis forráðamanna. Birgir kann ekki svar. Ragnheiður Ól. Setur spurningamerki um fagmennsku varðandi á hvaða mótum er prófað. Birgir. Okkarr skylda ða biðja um próf á mótum. Annars tilviljanakennt utan móta.

Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar

Þingskjal 2. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 3. Breytingartillaga samþykkt samhljóða. Tillagan í heild sinni samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8. Breytingartillaga samþykkt samhljóða og síðan tillagan í heild sinni samþykkt samhljóða.

Þingskjal 11. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 25. Breytingar lagðar til í 2. gr. Samþ. Samhlj. Allt skj. Samþ samhlj.

Álit allsherjarnefndar

Davíð Harðarson hafði framsögu fyrir hönd nefndarinnar.

Þingskjal 4 *Breytingartillögur eru skáletraðar*

Drög að mótaskrá 2006

Dags.	Mót.	Staður:	Mótsh.
<i>Janúar:</i>			
28-29.jan.	Stórmót ÍR	Reykjavík	ÍR
28.jan.	Vígslumót Laugardalshallar	Reykjavík	FÍRR/FRÍ
<i>Febrúar:</i>			
04-05.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	Á
11-12.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	Bblik
11-12.feb.	MÍ öldunga	Reykjavík	Fjölnir
18-19.feb.	MÍ aðahluti	Reykjavík	ÍR
25-26.feb.	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	FH

<u>Mars:</u>			
10-12.mars	HM innanhúss	Moskvu	Rússlandi
18-19.mars	6. Vetrarkastmót EAA	Tel Aviv	Ísrael
<u>Apríl:</u>			
01-02.apríl	HM í víðavangshlaupi	Fukuoka	Japan
<u>Maí:</u>			
25. maí	Nordic Challenge í 10000m	Kópavogur	Bblik/FRÍ
<u>Júní:</u>			
03-04.júní	MÍ í fjölþrautum og lengri boðhl.	Egilsstaðir	UÍA
17-18.júní	Evrópubikarkeppnin	Banska Bistrica	Slóvakíu
17-18.júní	NM í fjölþrautum unglunga	Moss	Noregi
23-25.júní	Stórmót Gogga Galvaska	Mosfellsbær	UMFA
<u>Júlí:</u>			
01-02.júlí	Evrópubikark. í fjölþrautum	Monzon	Spáni
07-09.júlí	Gautaborgarleikarnir	Gautaborg	Svíþjóð
19-30.júlí	Evrópumeistaramót Öldunga	Poznan	Póllandi
22-23.júlí	MÍ 15-22 ára	Kópavogur	Bblik
29-30.júlí	Meistaramót Íslands	Reykjavík	Á
<u>Ágúst:</u>			
04-06.ág.	Unglingalandsmót UMFÍ	Laugum	HSP
08-13.ág.	Evrópumeistaramótið	Gautaborg	Svíþjóð
12-13.ág.	MÍ öldunga	Reykjavík	ÍR
15-20.ág.	HM unglunga 19 ára og yngri	Peking	Kína
19-20.ág.	MÍ 12-14 ára	Sauðárkrókur	UMSS
19-20.ág.	NM 20-22 ára og yngri	Árósum	Danmörku
19. ág.	Reykjavíkumaraþon	Reykjavík	ÍBR
25.-26..ág.	Bikarkeppni FRÍ, 1. deild	1. deild utan RVK	
26.ág.	Bikarkeppni FRÍ, 2. deild		
<u>September:</u>			
02. sept.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri	Reykjavík	Fjöltnir
02-03.sept.	NM 19 ára og yngri	Eskilstuna	Svíþjóð
<u>Október:</u>			
14. okt.	Víðavangshlaup Íslands	Hafnarfjörður	FH
<u>Nóvember:</u>			
11. nóv.	NM í Víðavangshlaupum	Fredrikstad	Noregi

Ath. Lausar helgar/sumar: 10 - 11. júní, 15-16. júlí og 09 - 10. sept.
Yfir 100 unglingar frá mörgum félögum stefna að þátttöku í Gautaborgarleikunum.

Drög að mótaskrá 2007

Dags.	Mót.	Staður:	Mótsh.
<u>Janúar:</u>			
27-28.jan.	Stórmót ÍR	Reykjavík	ÍR
<u>Febrúar:</u>			
03-04.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	
10-11.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	
10-11.feb.	MÍ öldunga	Reykjavík	
17-18.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	
24. feb.	Bikarkeppni FRÍ	Reykjavík	

<u>Mars:</u>			
03-04.mars	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	
02-04.mars	EM innanhúss	Birmingham	Bretland
10-11.mars	7. Vetrarkastmót EAA	óstaðsett	
?	EM öldunga	?	
<u>Apríl:</u>			
	EM í víðavangshlaupi	óstaðsett	
<u>Maí:</u>			
	NM í 10.000m hlaupum	óstaðsett	
<u>Júní:</u>			
02-03.júní	MÍ í fjölþrautum og lengri boðhl.		
04-10.júní	Smáþjóðaleikar	Monaco	Monaco
16-17.júní	NM í fjölþrautum unglunga	óstaðsett	
23-24.júní	Evrópubikarkeppnin	óstaðsett	
22-24.júní	Stórmót Gogga Galvaska	Mosfellsbær	UMFA
<u>Júlí:</u>			
05-08.júlí	Landsmót UMFÍ	Kópavogi	UMSK
07-08.júlí	Evrópubikark. í fjölþrautum	óstaðsett	
06-08.júlí	Gautaborgarleikarnir	Gautaborg	Svíþjóð
11-15.júlí	HM 17 ára og yngri	Ostrava	Tékkosl.
12-15.júlí	EM 20-22 ára	Debrecen	Ungverjal.
19-22.júlí	EM 19 ára og yngri	Hengelo	Hollandi
23-27.júlí	Ólympíuhátíð E-æskunnar	Belgrade	SCG
28-29.júlí	Meistaramót Íslands		
<u>Ágúst:</u>			
03-05.ág.	Unglingalandsmót UMFÍ	Höfn	USÚ
10-11.ág.	Bikarkeppni FRÍ	Reykjavík	
18-19.ág.	MÍ 12-14 ára		
25-26.ág.	MÍ 15-22 ára		
25-02.sept.	HM	Osaka	Japan
28-31.Ágúst	HM Öldunga	Riccioni	Ítalíu
<u>September:</u>			
01. sept.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri		
01-02.sept.	MÍ öldunga		
01-02.sept.	NM 19 ára og yngri		
<u>Október:</u>			
13. okt.	Víðavangshlaup Íslands		
<u>Nóvember:</u>			
10. nóv.	NM í Víðavangshlaupum	óstaðsett	

Drög að mótaskrá 2008 (innan húss).

Dags.	Mót.	Staður:	Mótsh.
<u>Janúar:</u>			
26-27.jan.	Stórmót ÍR	Reykjavík	ÍR
<u>Febrúar:</u>			
02-03.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	
09-10.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	
09-10.feb.	MÍ öldunga	Reykjavík	
16-17.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	
23.feb.	Bikarkeppni FRÍ	Reykjavík	

Mars:

02-03.mars	Mí 12-14 ára	Reykjavík
	NM öldunga	Reykjavík
	HM innanhúss	óstaðsett
	8. Vetrarkastmót EAA	óstaðsett

Þingskj. 10

Tillaga að ályktun um breytingar á skilgreiningu á hugtakinu iðkandi í íþróttum

55. frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, skorar á framkvæmdastjórn ÍSÍ að leggja fram tillögu á næsta Íþróttapingi breytingartillögu á 2. gr. Móta- og keppnisreglum ÍSÍ, þar sem *ófélagsbundnum iðkendum verði heimiluð þátttaka í almennings keppni sérsambandanna en skráist sem iðkandi hjá tilteknu sérsambandi. Hvert sérsamband skal skilgreina sínar keppnir sérstaklega og tilgreinar þær sem eru opnar almenningi.*

Með þessum hætti væri ófélagsbundnum heimill aðgangur að almenningsíþróttamótum sérsambanda, s.s. Víðavangshlaupum, öldungamótum, götuhlaupum, en gætu á sama tíma talist gjaldgengir iðkendur í íþróttahreyfingunni.

Þessi ákvæði eigi ekki við keppnir sem heyra undir reglur alþjóðlegra íþróttasambanda, heldur eigi við hinn almenna íþróttáahugamann sem stundar íþróttir sér til heilsubótar og ánægju.

Skýringar:

Sú skilgreining á hugtakinu “iðkandi” sem mótuð var fyrir margt löngu stenst ekki þær breytingar sem hafa orðið í samsetningu íþróttaiðkenda í samfélaginu. Fyrir innan við 25 árum síðan voru þeir sem stunduðu hlaupaæfingar úti á götum litnir hálfgerðu hornauga, rétt eins og einstaklingar á flóttu!

Nú eru hins vegar tugþúsundir Íslendinga sem hlaupa daglega á götum úti sér til heilsubótar og ánægju, auk hinna sem stunda keppnisíþróttir af fullum krafti.

Þessir almennu iðkendur hafa oft á tíðum alls engan áhuga á að tengjast hinum hefðbundnu íþróttafélögum eða samtökum, heldur vilja hafa eigin “skokkópa”. Þessir skokkhópar geta ýmist verið staðbundnir eða tengdir fyrirtækjum. Með öðrum orðum stór hópur iðkenda sem er fyrir utan íþróttahreyfinguna.

Ljóst er að ef frjálsíþróttir eiga að vaxa og dafna í framtíðinni verður íþróttin að ná til og skilgreina sig í víðara sambengi en gert er í dag.

Alls eru um 4.900 iðkendur skráðir innan hinnar hefðbundnu skilgreiningar í dag. Hins vegar er margfaldur sá fjöldi sem stundar frjálsíþróttir reglulega með einum eða öðrum hætti, þá helst skokki sér til heilsubótar og ánægju. Einnig eru skipulögð fjöldahlaup sem eru ekkert annað en frjálsíþróttir, en eru utan hreyfingarinnar, annað hvort innan annarra sambandan innan hreyfingarinnar eða algjörlega óháð henni.

Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir frjálsíþróttir að ná til einstaklinga utan hinnar hefðbundnu íþróttaiðkunar, heldur nauðsynlegt. Náist þetta markmið, að tengja saman heilsubótaríþróttafólk og keppnisfólk, yrðu samlegðaráhrifin umtalsvert meiri en samanlagður þróttur þessara hópa er í dag.

Ljóst er að þessar breytingar geta ekki átt við keppendur sem taka þátt í mótum sem heyra undir alþjóðleg samtök og hina ólympísku íþróttahreyfingu. Þessi samtök verða að hlíta bæði alþjóðlegum keppnisreglum og lyfjareglum.

Þingskjal 13

Tillaga að ályktun um uppbyggingu á frjálsíþróttadstöðu

55. frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, fagnar uppbyggingu á innanhúss frjálsíþróttadstöðu í Laugardalshöll í Reykjavík.

Ljóst er að tilkoma þessa húss gjörbreytir ekki aðeins aðstöðu til æfinga og keppni, heldur líka viðhorfi til frjálsíþróttu í landinu. Slík viðhorfsbreyting endurspeglast m.a. í aukinni og jákvæðari fjölmiðlaumfjöllun

undanfarið. Eins hefur árangur íþróttafólksins stórbatnað í kjölfar bættrar aðstöðu. Ennfremur er almennur áhugi á íþróttinni að aukast eins og sókn nýliða ber vott um.

Það er einnig sérstakt ánægjuefni að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ákveðið að hefja byggingu innanhúss- aðstöðu þar í bæ og stefnir í að það hús verði tekið í notkun innan tveggja ára.

Frjálsíþróttaping *hvetur sveitarfélög til að viðurkenna í verki hið mikla gildi frjálsíþróttanna í landinu og búa vel að íþróttinni*. Ljóst er að um leið og aðstaða skapast, eykst sókn barna og unglinga í frjálsíþróttir.

Forvarnargildi íþróttarinnar er viðurkennt og áhrif á lífsstíl og lífsviðhorf barna og unglinga eru umtalsverð. Vegna fjölbreytileika íþróttarinnar getur hún höfðað til breiðari hóps en flestar aðrar íþróttir.

Þingskjal 14

Tillaga að ályktun fkjör íþróttamanns og konu ársins

55. frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, vill fagna 50 ára afmæli kjörs íþróttamanns ársins. Þingið telur að þetta kjör hafi verið íþróttum í landinu mjög til framdráttar og dregið verðskuldaða athygli að afrekíþróttum.

Þingið beinir því til Samtaka íþróttafréttaritarara og ÍSÍ að þessi samtök í sameiningu endurskoði fyrirkomulag á kjöri íþróttamanns ársins. Telur þingið núverandi fyrirkomulag á kjöri barn síns tíma og beri að endurskoða.

Frjálsíþróttaping leggur til eftirtaldar breytingar:

- * Í fyrsta lagi er það álit þingsins að kjósa beri íþróttakarlar og -konu ársins. Slíkt fyrirkomulag endurspeglir betur breytta stöðu kynjanna í nútíma samfélagi.
- * Í öðru lagi ætti að kjósa íþróttamenn einstaklingsgreina og íþróttamenn hópíþróttagreina. Samanburður á milli þessara íþróttagreina er ekki raunhæfur, þar sem einstaklingsíþróttamaður er valinn á grundvelli eigin frammistöðu, en til viðbótar hefur frammistaða liðs áhrif á athygli hópíþróttamanns.
- * Ennfremur, að úr hópi fjögurra ofangreindra einstaklinga, ætti að velja einn íþróttamann eða konu sem af sem bæri af sem íþróttamaður, fyrirmynd og leiðtogi (sports personality).
- * Þá telur þingið að endurskoða beri aðferð við val íþróttafólks ársins. Lagt er til að almenningur komi að kjörinu að einum hluta til, fulltrúar íþróttarinnar að öðrum hluta og íþróttafréttaritarar að þeim þriðja. *Lagt er til að Samtök íþróttafréttaritarara og nefnd frá íþróttahreyfingunni tilnefni tuttugu einstaklinga hvor en almenningur kjósi á netinu. Skipað verði sérstakt ráð sem velur íþróttamann ársins úr hópi fjögurra efstu einstaklinganna eins og fyrr var lýst.* Mjög mikilvægt er að virkja og virða álit almennings í þessum efnum sem og öðrum. Ekki er hægt að gera þá kröfu til fréttaritarara að þeir þekki til íþróttanna og geti þar að leiðandi gert upp á milli þeirra, en það á hvorki né má ganga framhjá þeirra mati heldur. ATH

Skýringar

Nýjrir tímar gera kröfur um nýjar aðferðir og vinnubrögð. Eins viðraði forseti ÍSÍ ýmsar hugmyndir um breytingar á kjörinu í ávarpi sínu við útnefningu íþróttamanns ársins þann 3. janúar sl., sem rétt getur verið að staldra við.

Viðurkenning til íþróttamanns ársins á sl. 50 árum hefur vakið óskipta athygli. Stundum hefur hún verið umdeild og er það eðlilegt í umhverfi þar mikil fjölbreytni er í íþróttaflokkunni hér á landi sem fer stöðugt vaxandi.

Ekki er óeðlilegt að þeim tímum sem jafnrétti kynjanna er í hávegum haft, að kynjunum sé gert í raun jafnhátt undir höfði og ekki aðeins leitast við að gera upp á milli manna, heldur kynjanna og íþróttagreina um leið. Fækka mætti þessum átakapunktum með því að velja annars vegar karlar og konur ársins og síðan hóp- og einstaklingsíþróttamann ársins.

Val íþróttamanns ársins hefur verið einskorðað við íþróttafréttaritarara. Það myndi auka auglýsingagildi kjörsins með þátttöku almennings. Eins gæfi það valinu ákveðinn faglegan blæ ef ákveðinn hópur

sérfræðinga innan íþróttanna kæmi að valinu líka. Í öllu falli dragi þessi aðferð úr oft óverðskuldaðri gagnrýni á valið, þar sem helstu aðilar sem hafa staðið fyrir gagnrýni, kæmu að valinu eða hefðu kost á því að taka þátt í valinu.

Þingskjal 18

Tillaga til þingsályktunar

55. frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2005, *beinir* því til stjórnar FRÍ að efna til útbreiðsluáttaks sem nái til allra sveitarfélaga og grunnskóla á Íslandi og byggji meðal annars á hugmyndafræðinni að baki "Fjör í frjálsum".

Þingskjal 26

Nýskipan stjórnar FRÍ, Lagt fram til kynningar

Lagt er til að kosning til stjórnar verði óbreytt, þ.e. fimm aðalmenn og fimm varamenn, formaður kosinn sérstaklega og aðrir skipti með sér verkum.

Hér á eftir verða notuð hugtökin stór stjórn um stjórnarfund sem allir 10 sækja en lítill stjórn um fund sem 3-5 aðalmenn sækja.

Stór stjórn fundi 4-6 sinnum á ári (á 2ja-3ja mánaða fresti). Fundirnir standi lungann úr degi, eftir því hvernig best hentar með samgöngur þeirra sem koma utan af landi. Fundur gæti t.d. staðið frá kl. 11 til 16 á laugardegi eða sunnudegi og fulltrúar að norðan og austan þannig náð að fljúga suður að morgni dags og heim að kvöldi. Þessir fundir verði undirbúnir vel, fundargögn verði send út með nægum fyrirvara til að fundarmenn geti farið yfir þau, eftir atvikum átt samráð við sitt bakland, og síðan komið undirbúnir og tilbúnir til að taka afstöðu og afgreiða mál.

Á dagskrá verði stefnumarkandi málefni, s.s.

- rekstrar- og starfsáætlanir, bæði samþykkt þeirra og eftirlit
- meginráttir í mótahaldi
- meginlínur um keppnisferðir, lágmörk, val keppenda, þjálfara og fararstjóra
- endurskoðun og þróun meginreglna, s.s. laga, reglugerða,
- skipulag og þróun á sviði þjálfunar, dómgæslu, búnaðar, aðstöðu

Eftir að línur hafa verið lagðar með þessum hætti kemur það í hlut framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna FRÍ að framkvæma þær, með stuðningi og samþykki lítillar stjórnar eftir því sem við á. Jafnframt verði skipaðar fimm fastanefndir sem hafi það hlutverk að taka til meðferðar fasta liði á sínu sviði eða erindi sem þangað er vísað:

- **Íþrótt- og afreksnefnd:** Gerir tillögur um lágmörk, mót sem stefnt skuli á, velur landslið, keppendur á önnur mót, þjálfara, fararstjóra, og gerir aðrar tillögur á þessu sviði.
- **Skráningarnefnd:** Hefur umsjón með skráningu afreka, gagnagrunni hreyfingarinnar, birtingu afrekaskrár, þróun mótaforrits og tengdum málefnum.
- **Tækninefnd:** Hefur umsjón með keppnisreglum, dómaraþjálfun og skipun yfirdómara, lyfjamálum og tengdum málefnum.
- **Laganefnd:** Fjallar um álitamál sem lúta að lögum, reglugerðum o.þ.h.
- **Markaðsnefnd:** Fæst við fjáröflunarmál íþróttageinarinnar og sambandsins og kynningarmál sem þessu tengjast, s.s. blaðaútgáfu, Merkisbera o.fl.

Þessar nefndir eiga að vera það virkar að lítill stjórn eigi ekki að þurfa að taka margar ákvarðanir á þeirra sviði. Algengasta afgreiðslan á að vera sú að niðurstöður þeirra eða tillögur hljóti staðfestingu framkvæmdastjóra eða lítillar stjórnar og sjaldan eigi að þurfa að taka tillögurnar til frekari umfjöllunar.

Lítill stjórn fundi á 2ja til 4ra vikna fresti. A.m.k. þrír stjórnarmenn verða að mæta til að unnt sé að afgreiða mál. Ef veigamikil mál þarfnast skjótrar afgreiðslu skal þó leggja áherslu á að *ná fimm stjórnarmönnum, ef kostur er og nota fjarfundartækni eða kalla inn varamann af Stór-Reykjavíkursvæðinu ef með þarf.*

Á dagskrá verði afgreiðslumál, s.s.:

- fjárútlát utan við almenna rekstraráætlun
- samskipti við íþróttahreyfinguna og stjórnvöld
- undirbúningur næstu viðburða og verkefna sambandsins
- innsend erindi
- undirbúningur stórra stjórnarfunda
- afgreiðsla tillagna frá nefndum, ef þörf krefur
- málefni sem framkvæmdastjóri ber upp

Fundirnir eiga að vera stuttir, 45-60 mín., t.d. í hádegi eða strax eftir vinnu. Ekki er nauðsynlegt að formaður sitji þá alla, heldur skiptist stjórnarmenn á eftir þörfum, til að dreifa álagi.

Jafnframt þessu verði áhersla lögð á að efla ákvörðunartöku framkvæmdastjóra og annarra fastra starfsmanna, launaðra eða ólaunaðra eftir því sem við á. Ef allt er að virka rétt eiga þeir að hafa fengið skýra stefnu frá þingi eða stórrí stjórn, hafa fastanefndir sér til aðstoðar í þeim málaflokkum sem stöðugt eru í gangi og geta leitað til lítillar stjórnar til að taka ákvarðanir um ýmis tilfallandi málefni.

Formaður verður vegna stöðu sinnar jafnan með ýmis samskipti við stjórnvöld og íþróttahreyfinguna, innanlands og utan, á sinni könnu, en getur þó falið öðrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra að koma að slíkum málum ef það hentar.

Með þessum hætti verður valddreifing aukin, greint betur á milli stefnumarkandi ákvarðana og daglegrar úrvinnslu og aðal- og varamönnum gefinn meiri tími til að vinna að því að efla starf sambandsins og auka veg frjálsíþróttu.

Þá lagði alshejrarnefnd fyrir þingið tvær tillögur sem ekki höfðu komið fram áður.

A. Tillaga um Mótahald meistaramóta og bikarkeppni

Hvert félag skili inn viljayfirlýsingu fyrir 2 ár í senn um þátttöku í móta-róteringu FRÍ.

Það sem leggja skal til hliðsjónar eru eftirfarandi þættir:

Aðstaða, þ.e. hlaupabraut me gerviefni.

Starfsmannaframbod.

Þekking á mótahaldi.

Úttekt eftirlitsaðila á meistaramótum og bikarkeppni

Virk skýrslugerð og úrvinnsla niðurstaðna.

Viðmið sett af FRÍ.

Það sem leggja skal til hliðsjónar eru eftirfarandi þættir:

Aðstaða og ástand vallar.

Tæki og útbúnaður.

Starfsmenn og reynsla þeirra.

Stóðst tímaseðill?

Fjölmiðlakynning fyrir og eftir mótið.

Starfsmannamál á meistaramóti Íslands, aðalhluta, og bikarkeppni, aðalhluta

FRÍ standi fyrir upprifjarnámskeiði fyrir starfsmenn mótsins kvöldið áður en keppni hefst.

FRÍ sé innan handar við útvegum á reynslumiklum greinastjórum, mótshaldara til aðstoðar.

B. Tillaga um meistaramót Íslands, 12-14 ára

Meistaramót Íslands, 12-14 ára, skal að jafnaði haldið í lok ágúst eða byrjun september

Umræður um tillögur frá allsherjarnefnd.

Þingskjal 4: Sigurbjörn Árni hvatti þingfulltrúa til að horfa á það sem er hreyfingunni til góða án tillits til hagsmunagæslu félaga. Koma þyrfti á almennri reglu um hvenær halda skal bikarkeppni FRÍ. Ekki með skriflega tillögu (kemur seinna)

Birgir Guðjónsson benti á að hreyfingin þurfi að biðja um dómaraámskeið til að halda þekkingunni við. Yfirdómari getur ekki bæði verið til að aðstoða starfsmenn og með harða gagnrýni við dómara samtímis.

Afgreiðsla tillagna úr allsherjarnefnd

Þingskjal 4. Mótaskrá 2006 til 2008, samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Tillaga um mótahald meistaramóta og bikarkeppni (A) samþykkt samhljóða.

Tillag um MÍ 12-14 ára (B) samþykkt samhljóða.

Tillaga um færslu bikars til 25.-26. ágúst samþykkt samhljóða.

Sigurbjörn Árni lagði fram tillögu um almenna reglu varðandi tímasetningu bikarkeppni.

55. þing Frjálsíþróttasambands Íslands samþykkir eftirfarandi dagsetningar fyrir Bikarkeppni FRÍ 1. deild

- A) Þegar heimsmeistaramót, Evrópumeistaramót eða Ólympíuleikar í meistaraflokki eru haldin fyrir 15. ágúst (meirihluti mótsins) skal Bikarkeppni FRÍ 1. deild haldin helgina fyrir MÍ 12-14 ára enda sé jafnan miðað við að það mót (MÍ 12-14 ára) fari fram síðustu helgina í ágúst. Fari MÍ 12-14 ára ekki fram síðustu helgina í ágúst skal Bikarkeppni FRÍ haldin 4. helgi í ágúst (föstudag og laugardag) þegar heimsmeistaramót, Evrópumeistaramót eða Ólympíuleikar í meistaraflokki eru haldin fyrir 15. ágúst (meirihluti mótsins).
- B) Þegar heimsmeistaramót, Evrópumeistaramót eða Ólympíuleikar í meistaraflokki eru haldin eftir 20. ágúst (meirihluti mótsins) skal Bikarkeppni FRÍ 1. deild haldin helgina eftir Unglingalandsmót UMFÍ (verslunarmannahelgina).

Samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.

Mótaskrá samþykkt með áorðnum breytingum með þorra greiddra atkvæða gegn 3.

Þingskjal 7. Leggja ekki til br. Samþykkt samhlj.

Þingskjal 9. Óbr. Samþ samhlj. 17. ág verði 16. ág.

Þingskjal 10. Helgi Sigurðsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

Þar sem segir í 1. málsgrein, ... *skorar á framkvæmdastjórn ÍSÍ...*, breytist í: ... *felur stjórn FRÍ...* Birgir Guðjónsson benti á hugsanlega flækju ef ófélagsbundinn vinnur á MÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða. Öll tillagan með br. samþ samhlj. Endanlegt orðalag er þá eftirfarandi:

Tillaga að ályktun um breytingar á skilgreiningu á hugtakinu iðkandi í íþróttum

55. frjálsíþróttarþing, haldið í Reykjavík 24. og 25. mars 2006, felur stjórn FRÍ að leggja fram tillögu á næsta Íþróttarþingi breytingartillögu á 2. gr. Móta- og keppnisreglum ÍSÍ, þar sem ófélagsbundnum iðkendum verði heimilud þátttaka í almennings keppni sérsambandanna en skráist sem iðkandi hjá tilteknu sérsambandi. Hvert sérsamband skal skilgreina sínar keppnir sérstaklega og tilgreinar þær sem eru opnar almenningi.

Með þessum hætti væri ófélagsbundnum heimill aðgangur að almenningsíþróttamótum sérsambanda, s.s. Víðavangshlaupum, öldungamótum, götuhlaupum, en gætu á sama tíma talist gjaldgengir iðkendur í íþróttahreyfingunni.

Þessi ákvæði eigi ekki við keppnir sem heyra undir reglur alþjóðlegra íþróttasambanda, heldur eigi við hinn almenna íþróttáhugamann sem stundar íþróttir sér til heilsubótar og ánægju.

Þingskjal 12. Samþ samhlj.

Þingskjal 13. Samþ samhlj.

Þingskjal 14. Breyting samþ. með þorra greiddra atkvæða gegn 1. Öll tillagan samþ. með 13 atkv. gegn 4.

Þingskjal 18. Helgi sagði frá hvernig gert hefur verið á Selfossi varðandi útbreiðslu þar sem fjöldi í barna hefur stórauðist og einnig í unglíngafli.

Breytingartillaga samþykkt samhlj. Ályktunin samþykkt samhlj.

Þingskjal 26. Nefndin lagði til breytingar við upprunalega tillögu. Þingforsetar líta hins vegar á skjalið sem kynningarskjal og skuli það því ekki borið undir atkvæði.

Helgi benti á að í stað litla stjórn og stóra má nota stjórn og framkvæmdastjórn.

Þingskjal 28. Þingforsetar líta á sem kynningarskjal.

Hádegisverðarhlé

Sonja viðhefur nafnakall til að fara yfir hverjir eru mættir til þings.

Kosningar

Kosning formanns og annarra stjórnarmanna

Engilbert Olgeirsson hafði framsögu f.h. uppstillinganefndar.

Unnur Sigurðardóttir og Arnþór Sigurðsson gefa kost á sér til formanns.

Haraldur Magnússon ávarpaði fundinn úr sæti sínu og benti á að aldrei hafi kona verið kosin.

Arnþór flutti framboðsræðu. Hann kvaðst ætla að beita sér fyrir því að vinna vel fyrir hreyfinguna í heild sinni. Segist hafa gaman að þessu og þó svo hann nái ekki kjöri óski hann eftir að fá að sitja í stjórn.

Einar Kristinn ávarpaði þingið fyrir hönd Unnar. Hann gerði grein fyrir íþróttiferli, fjölskylduhögum, menntun og störfum Unnar fyrir FRÍ. Markmið hennar sagði hann vera að efla íþróttina og fjárhagslegan grunn. Þá gerði hann grein fyrir hvað hún hyggst gera í ýmsum málaflokkum nái hún kjöri.

Leynileg atkvæðagreiðsla fór þá fram.

Úrslit leynilegrar atkvæðagreiðslu urðu eftirfarandi:

Arnþór Sigurðsson 18 atkvæði.

Unnur Sigurðardóttir 17 atkvæði.

Tveir seðlar voru auðir.

Þingforseti lýsti því Arnþór Sigurðsson réttkjörinn formann FRÍ.

Tillaga uppstillinganefndar í stjórn:

Gestur Guðjónsson

Gunnar Sigurðsson

Hörður Sverrisson

Áslaug Ívarsdóttir

Engin önnur tillaga barst þingforseta og var því stjórnin sjálfkjörin.

Í varastjórn

Birgir Guðjónsson

Dóra Gunnarsdóttir

Einar Kr. Jónsson

Stefán Jónasson

Felix Sigurðsson

Engin önnur tillaga barst og voru þau því sjálfkjörin.

Birgir Guðjónsson kvaddi sér hljóðs og tilkynnti að þetta yrði sitt síðasta kjörtímabil í varastjórn eða stjórn.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Tillaga um Sigurð T. Sigurðsson og Viggó Jónsson.
Engin önnur tillaga barst og voru þeir því sjálfkjörnir.

Kosning 4 fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ. Réttur til 5 fulltrúa, en stjórn FRÍ útnefni einn.
Eftirfarandi hlutu kosningu:

Þráinn Hafsteinsson
Einar Kr. Jónsson
Kári Jónsson
Sigurður Haraldsson

Til vara:

Gestur Guðjónsson
Hörður Sverrisson
Áslaug Ívarsdóttir
Egill Eiðsson

Önnur mál.

Birgir Guðjónsson bar upp svohljóðandi tillögu um Jónas Egilsson, fráfarandi formann FRÍ og stjórnarmann í Frjálsþróttasambandi Evrópu (EAA).

55. þing FRÍ, haldið Reykjavík 24. og 25. mars 2006, samþykkir að skipa Jónas Egilsson sem heiðursformann FRÍ.

Arnþór fagnaði tillögu Birgis.
Tillagan var síðan samþykkt samhljóða.

Dóra Gunnarsdóttir óskaði nýjum formanni og stjórn til hamingju. Hún sagði hins vegar að vont væri að allir skuli hverfa úr eldri stjórn.

Haraldur Magnússon óskaði nýkjörnum formanni til hamingju. Hann harmaði að það skuli vera broddar í gömlum leiðtogum og sagði vont að styr skuli hafa staðið um tvo menn. Þá benti hann á að kvennabarátta geti staðið innan sambandsins. Þá rifjaði hann upp mál Magnúsar Haraldssonar og fyrrum formanns. Hann talaði um lágmyrk og að lokum kvaðst hann telja FH verða fyrir óréttlæti.

Stefán Halldórsson óskaði stjórn og formanni til hamingju og lofaði aðstoð við hreyfinguna þrátt fyrir brotthvarf sitt úr stjórn. Taldi hann sóknarfæri með nýrri innanhússaðstöðu. Hann benti á að íþróttakeppndum fækkar en áhorfendum fjölgar, þó ekki í frjálsum. Því þurfi að hugleiða hvernig má ná auknum tekjum sem þurfa að koma frá hinum breiða fjölda áhorfenda. Fagnar því merkisberaverkefninu.

Sigurbjörn Árni óskaði Arnþóri til hamingju en harmar jafnframt brotthvarf Unnar úr stjórn. Tók undir orð Haraldar. Þá ræddi hann um óeiningu í hreyfingunni og minnti á að þegar búið er að marka stefnuna þurfi að standa saman um hana.

Einar Kristján óskaði Arnþóri til hamingju. Telur óeiningu krauma í hreyfingunni. Telur okkur hafa getað hafa farið mun lengra hefðum við verið samstíga. Sagði önnur störf hafa komið í veg fyrir að hann hafi getað gefið kost á sér. Þakkaði JE fyrir gott og náð samstarf og hrósaði Agli fyrir góð störf.

Egill Eiðsson óskaði Arnþóri til hamingju. Þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og ræddi um góð kynni sín af Jónasi og afhenti honum blóm.

Jónas Egilsson þakkaði vel valin orð í sinn garð og stuðning við sig í embætti. Hann sagði að nú muni hann sem heiðursformaður gera eins og stjórn muni leggja honum fyrir. Benti á mikilvægi þingsins við stefnumótum. Þakkar samstarfsfólki sínu fyrir ánægjulegt samstarf og áréttaði að samstaða sé lykillinn að velgengni.

Sigurður, þingforseti þakkaði fyrir sig.

Þingslit.

Arnþór Sigurðsson, nýkjörinn formaður FRÍ, þakkaði kjörið og vinnusamt þing. Hann kvaðst myndu beita sér í að sameina krafta frjálsíþróttafólks og leggja sig allan fram og að hann muni geta átt gott samstarf við alla.

Þingi slitið kl. 16.

Þingritari

Hafsteinn Óskarsson